


Morgunblaðið

22. tbl. 60. árg.

FÖSTUDAGUR 26. JANÚAR 1973

Prentsmiðja Morgunblaðsins.





Jörðin spúir eldi og eimyrju bak við húsin, sem biða þess, sem verða vill. Á miðri mynd má sjá skuggamynd manna, sem eru að bjarga húsmunum. — Hrikalegt samspil ljóss og skugga. — Ljósm.: Kr. Ben.

Sprengjum varpað á hraunið — til að breyta rás þess?

NÝ slökkviliðsbíreið og tveir 20 tónna jarðýtur voru sendar í gær til Vestmannaeyja, en þar hefur verið fjölgað í lögregluliðinu að ósk heimamanna. Kann aðar eru nú leiðir til þess, að heina hraunstrauminn á Heimaey frá byggð og til sjávar; m.a. með því að nota sprengjur á gígveg inn.

Hér fer á eftir fréttatilkynning almannaavarnaráðs, í gær:

„Í dag hefur af hálfu almanna varna ríkisins og í nánú samráði við bæjarstjórn Vestmannaeyja, skrifstofu bæjarins í Reykjavík, Rauða kross Íslands og aðra aðila, sem að aðkallandi málu Vestmannaeyja hafa unnið, verið lögð sérstök áhersla á að koma betra skipulagi á ýmis

atriði, sem varða hagsmunamál íbúanna.

Sérstaklega hefur verið hugað að því, á hvern hátt bjarga mætti verðmætum frá Eyjum,

ÞAKKAR- GJÖRD Í KIRKJUM

BISKUP Íslands hefur sent prestum landsins beiðni um, að minnst verði við guðsþjónustur á sunnudag Vestmannaeyja með þakkargjörð fyrir mannbjörg og fyrirbæn.

(Fréttatilkynning frá skrifstofu biskups).

án þess þó að of margir flyktust þangað og sköpuðu erfiðleika þeim, sem þar eru, ef ástand breyttist skyndilega til hins verra, en því miður getur það gerzt, m.a. aðeins með breyttri vindátt eins og kom fyrir síðastliðna nótt og frá hefur verið skýrt í fréttum. Að beiðni lögreglu í Vestmannaeyjum og í fullu samráði við bæjarstjórn hefur því verið reynt að takmarka ferðir fólks þangað, en af eðlilegum ástæðum eru mjög margar, sem þangað vilja komast til björgunar á verðmætum. Mikill fjöldi blaðamanna og vísindamanna hefur einnig sótt fast að komast þangað. Eins og áður segir hefur verið reynt í samráði við bæjarstjórn Vestmannaeyja að greiða fyrir mönnum eftir

Beint sjónvarp frá gosstöðvunum í stað stillimyndar

Vestmannaeyjum, 25. janúar.

Tæknimenn Landssimans kanna nú möguleika á því að koma fyrir sjónvarpstöðukvél uppi á Klífi, sem sendi stöðugt myndir

í sjónvarpið af því sem er að gerast á gosstöðvunum án þess að nokkur maður sé nálægt myndavélinni og stjórni henni. Kæmi þetta í stað stillimyndar sjónvarpsins. — Á.J.

Gjallmoli setti gat á flugvél

Vestmannaeyjum, 25. janúar. Frá blaðamanni Mbl. Elinu Pálmadóttur.

DC-3 FLUGVÉL Flugfélags Íslands beið hér á flugvöllum í Eyjum í nótt af öryggisástæðum, ef til hennar þyrfti að gripa. Um 3 leytið snerist vindáttin, og kom þá mikil óska og gjallregn yfir bæinn og flugvöllinn. Í morgun þegar átti að fara að

nota flugvélin, kom í ljós að gjallmoli hafði sett gat á stólið. Voru fengnir viðgerðarmenn úr Reykjavík, sem gerðu við flugvélin og var hún aftur komin á flug síðdegis. Í kvöld hefur vindátt aftur snúist og komið mikil óskufall í bænum.

Morgunblaðið í dag

Efni þess er að mestu leyti um gosið í Vestmannaeyjum og afleiðingar þess.

Ljósmynd eftir Ólaf K. Magnússon	1
Fréttir	2, 3, 14, 31, 32
Minnisblað Vestmannaeyinga	2
Forseti Íslands í Vestmannaeyjum	3
Spurt og svarað — Skattgreiðendur spyrja	4
Erlendar fréttir	5
Hver er aðstaða Eyjaflotans í landi?	10
Esland hvetur Norðmenn til hjálpar	10
Hjálparstarfið	11
Með Eyjafólki í Reykjavík	12
Eysteinn Jónsson á Alþingi í gær	16
Sænsk aðstoð?	16
Elin Pálmadóttir skrifar frá Vestmannaeyjum	17
Íþróttaréttir	30

MINNISBLAÐ VESTMANNAEYINGA

ALMENN upplýsingahjónusta: Bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur í samráði við Rauða krossinn opnað skrifstofu í Hafnarbúðum, símar 11380, 11994 og 12089.

Læknisþjónusta: Vestmannaeyjalæknar hafa opnað stofur í Domus Medica við Egilsgrötu og eru víðtálstímar sem hér segir:

Ingunn Sturlaugsdóttir: Kl. 09:00—11:30 og 13:00—15:00, sími 26519.

Einar Guðtormsson: Mánudaga og föstudaga kl. 14:00—16:00. Aðra daga, nema laugardaga, kl. 10:00—12:00, sími 11684.

Kristján Eyjólfsson, héraðslæknir: Kl. 10:00—12:00, sími 15730. Einnig víðtálstími að Digranesvegi 12 í Kópavogi kl. 14:00—16:00, sími 41555.

Óli Kr. Guðmundsson, yfir-læknir: Tímápanantir eftir samkomulagi í síma 15730.

Einar Valur Bjarnason, yfir-læknir: Tími auglýstur síðar.

Einn læknir mun hafa þjónustu að staðaldrátt í Vestmannaeyjum og munu læknarnir skiptast á um hana.

Heilsugæsla: Ungbarnaefntil verður í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur og starfar heilsu-

verndarhjúkrunarkona frá Vestmannaeyjum þar.

Fólki, sem dvelst í Kópavogi, Garðahreppi og Hafnarfirði, er heimilt að leita til heilsuverndarstöðva viðkomandi svæða. Tímápanantir æskilegar.

Mæðraeftirlit fyrir Stór-Reykjavíkursvæðið verður í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur. Tímápanantir æskilegar.

Tannlækningar: Börn frá Vestmannaeyjum á skólaaldri geta fengið nauðsynlegar bráðabirgðatannviðgerðir í tannlækningadeild Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg, s. 22400. Tannlækni frá Vestmannaeyjum hefur einnig verið boðin aðstaða þar, og mun verða skýrt frá því í þessum dálkum, þegar hann hefur þar störf sín.

Almannaavarnir: Upplýsinga-sími er 26120.

Iðnaðarmenn: Landssamband iðnaðarmanna veitir aðstoð, m.a. við vinnuöflun, á skrifstofunni í Iðnaðarbankahúsinu, Lækjargötu 12, kl. 09—17, síma 12380, 15095 og 15363.

Sjómenn: Útvegsbændafélag Vestmannaeyja hefur skrifstofu í húsakynnum L.I.Ú., Hafnarhvoli, sími 16650.

Verkaðólk: Á skrifstofu A.S.I., Laugavegi 18, er veitt þjónusta öllum félagsmönnum verkafólksfélaganna í Vestmannaeyjum, sem áhild eiga að A.S.I., kl. 09—17, sími 19348.

Póstur: Afgreiðsla á pósti til Vestmannaeyinga er í kjallara Pósthússins, gengið inn frá Austurstræti, kl. 09—18, sími 26000. Ráðstafanir verða einnig gerðar til að bera út póst til þeirra, sem gefa upp ákveðið heimilisfang á höfuð borgarsvæðinu eða annars staðar.

Skattframtöl: Framtalsfestur Vestmannaeyinga hefur verið framlengdur til og með 28 febr. nk.

Útibú Útvegsbankans í Vestmannaeyjum: Afgreiðsla þess er í Útvegsbankanum við Lækjartorg, opið kl. 09:30—15:30, sími 17060.

Sparisjóður Vestmannaeyja: Afgreiðsla hans er í Seðlabankanum við Hafnarstræti, opið kl. 09:30—15:30.

Sjúkrasamlag Vestmannaeyja: Skrifstofa sjúkrasamlagsins og almennatrygginga-útibúsins í Vestmannaeyjum verður opnað í Hafnarbúðum í dag, föstudag og útborgun bóta hefst á mánudag.

Upplýsingastími lögreglu-nar í Reykjavík: er 11110.

Húsdýr Vestmannaeyinga: Upplýsingahjónusta Sambands íslenskra dýraverndunarfélaga er í síma 42580.

Barna- og gagnfræðaskóla-nemendur: Skráning eftir óvalarstað í dag, föstudag, kl. 13—18, í fræðisúskrifstofunum á þessum stöðum:

Í Reykjavík í Tjarnargötu 12, sími 21430.

Í Kópavogi á Digranesvegi 10, sími 41863.

Í Hafnarfirði á Strandgötu 8—10, sími 53444, nema eftir kl. 17, sími 53250.

Þeir nemendur, sem dveljast annars staðar, eru beðnir að láta skrá sig í skólunum á þeim stöðum.

Ferðir til Vestmannaeyja: Skrifstofan í Hafnarbúðum sér um skipulegar ferðir til Eyja fyrir fólk, sem nauðsynlega þarf að bjarga eignum sín um eða sækja nauðurfirir, og veitir skrifstofan fararleyfi í þessar ferðir.

Flutningur bíla frá Vestmannaeyjum: Skrifstofan í Hafnarbúðum veitir allar upplýsingar.

Húsnæðisástoð: Skrifstofan í Hafnarbúðum veitir aðstoð við húsnæðisöflun.

Mötuneyti: Í dag, föstudag, tekur til starfa í Hafnarbúðum mötuneyti fyrir Vestmannaeyinga og verða veitingar seiddar við vægu verði.

Óskilamunir: Í kjallara

Hafnarbúða eru geymdir þeir munir, sem talið er að Vestmannaeyingar hafi týnt.

Dvalarstaðir Vestmannaeyinga: Skrifstofan í Hafnarbúðum veitir þær upplýsingar og tekur einnig við tilkynningum um breytta dvalarstaði.

Fjárhagsástoð: Skrifstofan í Hafnarbúðum veitir úrlausn í þeim efnum í formi styrkja, og Vestmannaeyjaútibú Útvegsbankans og Sparisjóður Vestmannaeyinga veita lánafyrirgreiðslu. Hjálpararsjóður æskufólks hefur ákveðið að verja hálfri milljón króna til að styrkja æskufólk úr Vestmannaeyjum, eftir því sem umsóknir berast, en þær sendist til Magnúsar Sigurðssonar, Hofsteigi 18, og hann veitir upplýsingar um úthlutunarreglu sjóðsins.

Tryggingafélagin Ábyrgð hf., Skúlagötu 63, og Hagtrygging hf., Suðurlandsbraut 10, hafa ákveðið að veita þeim Vestmannaeyjum, sem eru með gildar heimilstryggingingar hjá félagunum, fjárhagsstyrki.

Fatnaður: Aðventistar úthluta fatnaði til þeirra Vestmannaeyinga, sem ekki gátu tekið fót með sér, og fer úthlutunin fram í kjallara Aðventiskirkjunnar, Ingólfsstræti 19, fram til hádegis í dag.

Vinnumiðun: Eftir hádegi í dag, föstudag, tekur vinnumiðun til starfa í Hafnarbúðum.

BÍLALEIGA
"PALUR"

22-0-22-
RAUDARÁRSTÍG 31



BÍLALEIGA
CAR RENTAL

21190 21188

14444 25555

VEGALEIDIR
BÍLALEIGA - HVEFISGÖTU 103

14444 25555

SKODA EYÐIR MINNA.

ŠKODA
LEIGAN

AUÐBREKKU 44-46.
SÍMI 42600.

BÍLALEIGAN

AKBRAUT

8-23-47
sendum



Vélapakkningar

Dodge '46-'58, 6 strokka
Dodge Dart '60-'70,
6-8 strokka
Fiat, allar gerðir
Bedford, 4-6 strokka,
dísilhreyfill
Buick, 6-8 strokka
Chevrolet '48-'70, 6-8 str.
Corvaire
Ford Cortina '63-'71
Ford Trader, 4-6 strokka
Ford D800 '65-'70
Ford K300 '65-'70
Ford, 6-8 strokka, '52-'70
Singer - Hillman - Rambler
Renault, flestar gerðir
Rover, bensín- og dísilhreyflar
Skoda, allar gerðir
Simca
Taurus 12M, 17M og 20M
Volga
Moskvich 407-408
Vauxhall, 4-6 strokka
Willys '46-'70
Toyota, flestar gerðir
Opel, allar gerðir.

P. JÓNSSON & CO

Símar: 84515 - 84516.
Skeifan 17.

Morgunblaðið
margfaldar
markað yðar

STAKSTEINAR

Að þakka fyrir sig

Allir þeir aðilar, sem unnu að flutningi íbúa Vestmannaeyja til lands, þegar náttúruhamfarirnar byrjuðu, eiga vissulega miklar þakdir skildar. Á slíkum stundum velta menn ekki fyrir sér, hverjir séu sammála eða ósammála. — Þá er allt kapp lagt á að bjarga mannlífum. Að visu hafa komið upp raddir í um, að óþarft hafi verið að flytja svo marga til lands, sem raun varð á, en þau andmæli eiga engan rétt á sér. Á slíkum voðastundum sem nóttina í Vestmannaeyjum hugsa menn um það eitt að flytja fólk á öruggan stað, — réleg verðmæti skipta þá engu máli.

Allir landsmenn hafa verið einhuga í því, að þakka þeim, sem að björguninni stóðu. Þó virðist vera þar ein undantekning. Það hefur áður verið í benti á það hér í þessum pistlum, að einn blaðamaða

Þjóðviljans hafi mjög sérkennilegar skoðanir á sannleika og eru margar hugmyndir hans vægast sagt í lítu samræmi við raunveruleikann. Þessi blaðamaður hefur nú tekið sig til að gera lítið úr hjálp varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Hann lætur m.a. í það skína, að „framlag hans hafi ekki skipt neinum sköpum við björgunarstarfið“, og er helzt að sjá, að það hafi verið hreinn óþarfi að kalla á aðstoð þeirra. Vel getur það verið, að þessum blaðamanni þyki það ganga landráðum næst að kalla til aðstoð frá varnarliðinu. En ætli það sjúka fólk, er flutt var með þyrlum varnarliðsins eða þær konur og börn, sem flutt voru með flugvélu þess, séu sömu skoðunar?

Blaðamaðurinn reynir enn fremur að gera lítið úr þeirri aðstoð, er varnarliðið bauð, þegar það kvaðst reiðubúið að lýsa Vestmannaeyinga, ef þörf krefði. Við getum þakkað fyrir það, að svo vel var

tekið á móti vegalauðu fólki, að nærri allir fengu inni á einkaheimilum. En það er engin ástæða til þess að gera lítið úr vilja varnarliðsins til aðstoðar, — ekki einu sinni fyrir blaðamann Þjóðviljans.

Blaðamaður þessi mun skrifa allar greinar sínar í Þjóðviljann á elgin ábyrgð. Er það hyggilega gert af ritstjórn blaðsins. Því verður ekki trúnað fyrir en á verður tekið að ritstjórn þess blaðs mefi hjálparvilja manna eftir því hvar þeir standa í pólitik, og að andstaða blaðsins við dvöl varnarliðsins hér á landi stjórni því, að ekkert hefur verið skrifað í Þjóðviljann um framlag liðsins við björgunarstórfirn.

Verkfall vélgæzlumanna

Á sama tíma og öll þjóðin stóð agnadofa yfir náttúruhamförnum í Vestmannaeyjum, var skrifað bréf til Vinnuveitendasambands Íslands og

Vinnufélaganna og þeim tilkynnt, að algjört verkfall væl gæzlumanna í frystihúsum á Reykjavíkursvæðinu hæfist kl. 11 í gærmorgun. Sú vinnu stöðvun hefði getað leitt til þess, að tugmilljóna verðmæti færu í súginn.

Það er vissulega rétt, sem Hannibal Valdimarsson sagði um þetta mál: „Nú er enginn tími til að fara í verkföll.“ Nú hefur svo vel tekið til, að vélgæzlustjórar hafa fallið á að leggja deilir sínar vír vinnuveitendur undir kjaradóm, og her að fagna því.

Vafalaust hefur þessi vinnustöðvun verið boðin að lítt hugsuðu máli, og er ekki rétt að sakast við neinn út af henni. Aðalatriðið er, að tekið hefur að forða þjóðinni frá óþarfa afköllum af mannavöldum meðan náttúruhamfarirnar eru í Vestmannaeyjum.

Öll blöðin minnstut á verkfall vélgæzlumanna í gær nema eitt. Það var Þjóðviljinn.



spurt og svarað

Lesendabjónusta MORGUNBLAÐSINS

Hringið í síma 10100 kl. 10-11 frá mánudegi til föstudags og biðjið um Lesendabjónustu Morgunblaðsins.

LJÓÐ Í RAFMAGNSSKORTI

Valdimar Einarsson, Gnoðarvogi 78, spyr:

„Hvernig fór Hagkaup að því að leysa þann vanda sem skapaðist er rafmagnsskómmt unni var sem stífust fyrir jólin?“

Magnús Ólafsson, framkvæmdastj. Hagkaups, svarar:

„Við snerum okkur til Vega gerðar ríkisins og fengum þar leigðan dísilmotor sem við tengdum við rafkerfi húss okkar. Motorinn var svo litill, að hann rétt dugði til að viðhalda ljósum í verzluninni, og var þó ekki hægt að hafa eins sterka lýsingu og venjulega er hér. Afköst motorsins voru svo litill, að saumastofa okkar gat ekki starfað.“

ir, m.a. Háaleitisbraut. Á fimmtudag komu snjóruðningstæki á vettvang og ruðu snjó af akbrautum upp að gangstéttum. Á mótum Háaleitisbrautar og Miklubrautar myndaðist skafli við gangbrautina sem var illferð yfirferðar (ófar t.d. konu með barnavagn). Utan við skafinn var alldjúpt vatn, því hvos er á gatnamótunum. Elskert var gert til að ryðja af gangbrautinni yfir götuna. Allt starfið er miðað við bíla, gangandi sitja á hakanum. Er þetta rétt?“

SNJÓRUÐNINGUR AF GÖTUM

Porkell Pálsson, Stóragarði 22, spyr:

„Er snjóföll féll á þriðjudag og miðvikudag (16. og 17. jan.) var strax hafizt handa við að dreifa salti á akbraut-

Guðjón Þorsteinsson hjá gatnamálstjóra, svarar:

„Það fyrsta, sem gert er í sambandi við ófærð vegna snjókomu er að halda opnum strætisvagnaleiðum og aðal umferðarbrautum. Í slíkum tilvikum er oft ekki hægt að komast hjá því að gangandi umferð verði fyrir óþægindum í einhvern tíma. Sé mikil snjókomu, eru traktorar notaðir við hreinsun á gangstéttum og stigum.“

spurt og svarað

Lesendabjónusta MORGUNBLAÐSINS

Skattgreiðendur spyrja

Í önnum við móttöku spurninga láðist að taka niður nafn og heimilisfang þess er símaði eftirtaldir spurningar. Birting þeirra brýtur því reglu um þáttarinn, en þar sem þær geta haft almennt upplýsinga gildi, fá þær að fljóta með:

„1. Á ekki að telja fram eigi in húsaleigu?
Kemur greiddur tekjuskattur á fyrria ári ekki til frádráttar á skattframtali nú?“

Hver er skólafrádráttur vegna innan 16 ára á gagnfræðastigi. Og hvaða skólafrádrátt frá unglíngar á gagnfræðastigi, sem urðu 16 ára á árinu og gefa nú sjálfstætt fram vegna tekna sem þau höfðu. Fá foreldrar slíkra barna engan frádrátt vegna þeirra skólagöngu?
2. Hvaða frádráttarlíðir eru teknir til greina varðandi útsvar, eða er það hreint og beint 10% af bruttótækjum?
Ríkisskattstjóri svarar:

1. líður:
Jú. Sjá leiðbeiningar ríkisskattstjóra, sem birtust í Morgunblaðinu 20. þ.m., tölulíð 3, III.

2. líður:
Tekjuskattur er og hefur

ekki verið frádráttarþær sl. 30 ár.

3. líður:
Um fyrstu 2 spurningarnar. Sjá skattum ríkisskattstjóra (námsfrádrátt) og leið beiningar tölulíð II, III, sem birtust í Morgunblaðinu 20. þ.m. Sérstök athygli skal vak in á því, að námsfrádráttur barns innan 16 ára má eigi vera hærrí en tekjur barnsins.

Um síðustu spurninguna: Ívilnun í tekjuskatti vegna menntunarkostnaðar barna eldri en 16 ára getur komið til greina. Framteljanda ber að aflla sér sérstaks eyðublaðs vegna þessa og láta fylgja framtali sínu og geta þessa í G-lið framtals, sbr. d-lið „Aðrar upplýsingar“ í leiðbeiningum ríkisskattstjóra.

Svar við spurningu 2.

Spurning þessi er það yfirgripsmikil, að henni verður ekki svarað í stuttu máli, en benda má fyrirsprjandna á II. kafla reglugerðar nr. 118/1972 um útsvar. Þess má þó geta, að hjá framteljanda, sem engar aðrar tekjur hefur en launatekjur, eru þær tekj-

ur grundvöllur til útsvarsálagníngar, þó ekki sá hluti þeirra, sem skylt er að spara skv. 11. gr. laga nr. 30/1970, þess má og geta, að eigin húsaleiga, reiknuð af íbúðarhúsnæði, sem eigandi notar sjálfur, teist ekki til útsvars-skyldra tekna.

Hans Clausen, Kársnesbraut 33, spyr:

Sem íðnaðarmaður nota ég mikið eigin bíl í vinnu minni, því ég er oft á 2-3 vinnustöðum á dag. Er mögulegt að fá frádrátt á tekjum til skatts vegna nokkunar eignis bíls við vinnuna?

Ríkisskattstjóri svarar:

Almenna reglan er sú, að enginn frádráttur er veittur vegna kostnaðar við að koma sér í og úr vinnu. Séu aðstæður þannig, að sjálfstæð starfsemi manns krefjist afnota bifreiðar vegna öflunar tekna getur frádráttur vegna bifreiðaaftota komið til greina.

Alfred Kristinsson, Ásgarði 155, spyr:

Ég er baktari og verð vegna starfs míns að mæta í vinnu

kl. 4.30 og á engra kosta vól annan en að taka leigubíl. Þennan kostnað verð ég að greiða vegna vinnu minnar. Er slíkt ekki frádráttarhæft til skatts?

Ríkisskattstjóri svarar:

Ríkisskattarnefnd hefur í fjölda tilvika staðfest synjun skattstjóra á slíkum frádrætti. Svar er því neikvætt.


Rúnar Georgsson, Safa-mýri 8, spyr:

Síðastliðið fór vann ég þrjá mánuði í Svíþjóð. Er mér skylt að senda skattskýrslu þangað?

Ríkisskattstjóri svarar:

Hafi fyrirsprjandi ekki gert skattskýrslu fyrir brottför sína frá Svíþjóð og gengið frá máli sínu með hlífðsjón af fyrirframgreiðslu gjalda þar, verður að álita, að fyrirsprjandna beri að senda sem fyrst skattskýrslu til Svíþjóðar á skattframtals-eyðublaði, gerðu af sænskum skattfyrirvöldum. Athygli fyrirsprjandna skal vak in á því, að honum þera að geta tekna sinna í Svíþjóð í framtali sínu til íslenskra skattfyrivalda.

HAMFARIRNAR Í VESTMANNAEYJUM



Hver er aðstaða Eyjaflotans í landi?

Í EYJUM eru 5 frystihús og 2 fiskmjölsverksmiðjur. Frystihúsin verða nú óstarfhæf, a.m.k. á þessari vertíð, en enn eygja menn von til þess að unnt verði að starfrækja fiskmjölsverksmiðjurnar að einhverju leyti, a.m.k. þá verksmiðju sem hefur tvær þrær yfirbyggðar. Við missi þessarar aðstöðu, sem verið hefur í Eyjum, reyndi Morgunblaðið í gær að afla sér upplýsinga um þá aðstöðu, sem fyrir væri í nærliggjandi verstöðvum, þ. e. í þeim verstöðvum, sem máli skipta vegna löndunar hölfiskafla af fiskimiðum Eyjamanna og löndunarstöðvum á leið loðna-

unnar vestur með Suðurströndinni. Á svæðinu frá Akranesi og austur á Hornafjörð eru 42 frystihús, 31 innan Sölumistöðvar hraðfrystihúsanna og 11 á vegum Sambands íslenskra samvinnufélaga. Geymslurými SH-húsanna er um 25 þúsund tonn, en hjá Sambandinu vildi framkvæmdastjóri sjávarafurðadeildar ekki gefa upp geymslurýmið í tonnum, þar sem hann taldi það ekki gefa nægilega góða mynd af aðstöðum, en hann lét þess getið að frystihús Sambandsins á þessu svæði væru nánast tóm, birgðir mjög litlar.

Þar með væri rýmið í frystihúsumum ekkert vandamál, jafnvel þótt aflahrota kæmi. Övenju hagstætt ástand væri í þessum málum. Mjög lítið er einnig af birgðum í frystigeymslum frystihúsa SH. Guðmundur H. Garðarsson, blaðfulltrúi Sölumistöðvar hraðfrystihúsanna sagði að geymslurými hraðfrystihúsa innan Sölumistöðvarinnar væri um 25 þúsund tonn á svæðinu frá Akranesi að Stokkseyri. Hins vegar væri frystigeta húsanum mjög misumandið eftir húsum. Geymslurými hraðfrystihúsanna í Reykjavík og Hafnarfirði, sem eru innan SH kvað

hann um 15 þús. tonn. Alls eru frystihús SH á þessu svæði 31 og skiptast niður á verstöðvar þannig: Akranes 3, Reykjavík 6, Kópavogur 1, Hafnarfjörður 4, Vogar 1, Ytri-Njarðvík 1, Keflavík 3, Garði 3, Höfnum 1, Sandgerði 3, Grindavík 3, Eyraþakka 1 og á Stokkseyri 1. Á Suðurnesjum eru því samtals 15 frystihús innan SH. Hins vegar eru 5 frystihús í Eyjum, sem öll eru innan SH. Guðjón B. Ólafsson, framkvæmdastjóri sjávarafurðadeildar Sambands íslenskra samvinnufélaga sagði að á svæðinu frá Akranesi að Höfn í Hornafirði væru 11

frystihús á vegum SÍs. Þau skiptast niður á verstöðvar þannig: Akranes 1, Reykjavík 1, Hafnarfjörður 1, á Keflavíkursvæðinu 6, Þorlákshöfn 1 og Höfn í Hornafirði 1. Sambandið hefur ekki haft frystihús í Vestmannaeyjum. Samkvæmt upplýsingum dr. Þórðar Þorbjarnarsonar hjá Rannsóknarstofnunum, eru 29 fiskmjölsverksmiðjur á svæðinu frá Bolungarvík, suður og austur um til Seyðisfjarðar. Þessar tölur eru þó frá árinu 1967 og þá var afkastageta þeirra 9.875 tonn á sólarhring, en þess ber að geta að sú tonnatala er miðud við síð og afkastageta verksmiðjanna er minni, þegar breidd er loðna. Frá því er þessar tölur voru teknar saman hafa sumar verksmiðjurnar verið stækkaðar og enn liggur ekki fyrir skýrsla um afköst verksmiðjanna við loðnubræðslu, en verið er að taka hana saman og voru tölurnar ekki tilbúnar í gær. Á svæðinu frá Akranesi að Höfn í Hornafirði eru þessar verksmiðjur starfandi: á Akranesi 1, Reykjavík 2, Hafnarfirði 1, Keflavík 1, Sandgerði 1, Grindavík 1, Þorlákshöfn 1 og á Höfn í Hornafirði 1. Í Vestmannaeyjum eru 2 fiskmjölsverksmiðjur. Í annarri Eyjaverksmiðjunni eru þrær að nokkru leyti yfirbyggðar, þ. e. 2 af fimm þróm, en í hinni eru 4 þrær allar óyfirbyggðar. Gæti vikur og óskufall því hamlæð bræðslu, þar sem þrær eru undir beru lofti. Búnaður verksmiðjanna er þó svo vélvæddur að unnt er að starfrækja þær með tiltölulega fáum karlmönnum. Algjör ferenda reksturs verksmiðjanna er að bæði haldist vatn og rafmagn í Eyjum.

Eskeland hvetur Norðmenn til að hjálpa — og Korvald heitir aðstoð frá Noregi

Oslo, 25. jan. Elnkaskeyti frá blaðamanni Mbl. Sigrúnu Stefánsdóttur.

hafi samband við ríkisstjórnir hinna Norðurlandanna til að kanna möguleika á sam-eiginlegri aðstoð frá þeirra hálfu.

NORSKA stjórnin ákvað í dag að veita Íslandi fjárhagslegan styrk, sem renna á til þeirra, sem hart verða úti í hamförunum í Vestmannaeyjum. Mun stjórnin bíða og sjá, hvernig málin þróast í Eyjum, áður en nokkuð verður ákveðið, hve milkil fjárhagsaðstoðin verður.

Það var Ivar Eskeland, sem fyrstur kom opinberlega fram með hugmyndina um að Norðmenn veittu Íslandi aðstoð. Í dag birti Oslo-riki blaðið „Verdens Gang“ stutt ávarp eftir Eskeland, þar sem hann segir m. a.: „Ísland hefur misst aðalútgærðarstað sinn, ef til vill fyrir fullt og allt. Vestmannaeyjar stóðu að baki 17% af heildarfiskútflutningi Íslendinga árlega. Það er há prósentutala fyrir þjóð, sem byggir afkomu sína svo til eingöngu á fiski. Tapid fyrir Ísland samsvarar því að 100.000 manns í Noregi yrðu sett

ir í sömu spor og þeir Vestmannaeyingar, sem nú hafa misst heimili sín og atvinnu. Norska stjórnin á strax að veita Íslandi fjárhagslegan stuðning. Peningarnir eiga að notast til að byggja upp frystihús. Upphæðin á að vera meira en tákna. Við þurfum ekki að sýna fleiri tákni um vináttu okkar. Fimm milljónir norskra króna ættu að vera algert lágmark. Hafa ber í huga að fljót hjálp er tvöföld hjálp. Danmörk hefur þegar boðið sína hjálp. Þar sem við getum ekki orðið fyrstir í þetta sinn, legg ég til að við sleppum öllum tilboðum og veitum hjálpa strax. Norska ríkisstjórnin á næsta leik.“ Í tilefni af hvatningarorðum Ivars Eskelands hafði Verdens Gang samband við Helge Seip, formann nýja vinstri flokksins og Kåre Kristensen varaformann Kristilega þjóðarflokksins og spurði álits á málinu. Voru báðir sammála Eskeland og sögðu að þeir myndu fylgja tillögnum eftir. Noregi ber skylda, sem nágrannarþjóð, til að hjálpa, þegar á hörmungar, sem þessar skella yfir, sögðu báðir stjórn málamenirnir.

Ekki vanþakklæti

Í SAMTALI við Gísla Þorsteinsson bæjarritara í Mbl. í gær hefði ef til vill verið hægt að lesa úr ummælum hans um tilkynningu ríkisstjórnarinnar um söfnun fyrir Vestmannaeyinga, vanþakklæti.

Gísl sagði í dag, að hann vildi gjarnan koma því á framfæri, að Vestmannaeyingar eru ákaflega þakklátir fyrir þær ákaflega þakklátir fyrir þann hlífug og vináttu, sem þeir fundu alls staðar frá, en það sem hann hefði átt við, var að mönnum fannst of fljótt að fara að

hvetja til allsherjarsöfnunar og var það einnig álit forráðamanna Rauða krossins, meðan óvist er hvernig þróun mála verður. Auk þess sem ekki liggur fyrir hvernig ríkisstjórnin hyggst aðstoða Vestmannaeyinga. Gísl endur tók það að Vestmannaeyingar væru ákaflega þakklátir fyrir ómetanlega aðstoð og fyrir greiðslu, sem þeir hafa hlotið frá fjölmörgum einstaklingum og fyrirtækjum, sem hefðu m. a. gert þeim kleift að koma starfsemi sinni í Hafnarbúðum í gang.

Athugasemd

MED tilvísun til fréttarfrásagnar Morgunblaðsins af viðtali við Hannibal Valdimarsson, félagsmálaráðherra, sem birt var á bls. 32 og 31 í blaðinu 20. þ.m., svo og með tilvísun til „Staksteina“-greina Morgunblaðsins 24. þ.m., vildi ég mega taka af öll tvímæli, ef um misskilning er að ræða hjá blaðinu, og lýsa yfir því, að ég átti ekkert viðtal við Andrés Björnsson, útvarpsstjóra, um þáttinn „Sjónaukann“ og umræður um synjun ríkis-

stjórnarinnar um aukalágningu á útsvör. Ákvörðun útvarpsstjóra og afskipti hans af málinu eru mér því með öllu óviðkomandi og frétti ég ekki af þeim fyrr en eftir á. Hins vegar beindi ég, að athuguðu máli, þeim tilmælum vinsamlega til umsjónarmanna sjónvarpsþáttarins, sem báðu mig að úttega þáttakanda í umræðuþáttinn, að málið yrði tekið fyrir með eðlilegum hætti, eftir að félagsmálaráðherra kæmi til landsins, en hann var þá væntanlegur innan fjarra daga. Reykjavík, 25. janúar 1973 Hannes Jónsson.

HAMFARIRNAR Í VESTMANNAEYJUM



Í Austurbæjarskólanum morguninn eftir að gosið hófst í Heimaey. Nýkomnir Vestmannaeyingar skrifa niður nöfn sín og aðrar upplýsingar sér viðkomandi. Allir voru skráðir við komuna til Reykjavíkur.

EITT örðugasta verkefnið við komu fólks frá Vestmannaeyjum til Reykjavíkur órlaga nóttina miklu og næsta dag var að taka á móti þessu fólki, koma því fyrir til bráða birgða og veita því aðhlyningu eftir sævolkið í næturmyrkrunu. Þar samnaðist það sem endra nær, að margar hendur vinna létt verk, því að meginástaðan fyrir því, hve allt tókst vel þar, var góð skipulagning og þátttaka margra í hjálparstarfinu.

um, á meðan það var að átta sig og við vorum að greiða fyrir því.

Allt gekk mjög líðlega. Fólk var ótrúlega fljótt að komast í samband við ættingja og vini. Það, sem mér fannst hvað athyglisverðast og aðdúmarverðast var hve fólk var ótrúlega rólegt. Í hjálparstarfinu þarna tóku þátt kennarar skólans og einnig fólk frá Rauða krossinum.

SKIPULAGNINGU FJÖLDAHJÁLPAR VAR NÝLOKIB

— Það vildi svo vel til, að ég hafði verið að vinna ásamt Guðjóni Petersen, starfsmanni Almannaeyrna ríkisins og W. Perry, sérfræðingi Sameinuðu þjóðanna að neyðarskipulagi fyrir Reykjavík undanfarnin mánuð, sagði Rúnar Bjarnason skókvilise-stjóri og framkvæmdastjóri Almannaeyrna Reykjavíkur. — Eitt af því, sem verið var að skipuleggja, var fjölda-hjálpar og fjöldahjálparstöðvar og einmitt þann hluta höfð um við lokið við í vikunni sem leið og vorum að kynna það fyrir Rauða krossinum og félagsstofnunum Reykjavíkur, Kópavogs og Hafnarfjarðar á fundi á mánuðagsmorgun. Það var því fremur auðvelt fyrir okkur Eggert Ásgeirsson hjá Rauða krossi Íslands að vinna eftir þessu skipulagi.

Við fengum að sjálfsgöðu Rauða kross-félag og fræðslu skrifstofuna til þess að opna og manna þá skóla, sem fyrstir yrðu notaðir til þess að taka á móti fólkinu. Síðan voru send 1120 teppi til Þorlákshafnar, 400 gasgrímur og 100 hjálmur til Vestmannaeyja. Þá voru jafnframt send 1000 teppi í hvern skóla, sem notaður skyldi og á annað hundrað dýnur sömuleiðis í hvern skóla.

Rauða kross-félagar höfust handa um að fá mat fyrir fólkið og kom þar til ómetanlega aðstoð Matsveina- og veit-ingahjálparáskólans. Samtímis þessu var borgarlæknir og sjúkráhusunum gert viðvart og sá borgarlæknir um það að útvega lækna í allar fjölda hjálparstöðvarnar í skólunum en Borgarsjúkrahúsið og Landspítalinn sáu um mót-töku sjúklinga frá sjúkráhusinu í Eyjum.

Þá höfðum við fljótlega samband við öll hótélín í borginni og gerðum ráðstafanir til þess, að þeim 500 hótéliplassum, sem voru laus, yrði ekki ráðstafað til annarra en Vestmannaeyinga fram eftir deginum. Einnig var haft samband við aðila, sem vitað var, að hefðu svefnrymi, svo sem Eimskjapfélagið (i Gullfossi) og ISAL.

Þetta fór allt í gang á fyrstu tveimur klukkustundunum og eins og allir vita, þá var allt tilbúið, þegar Vestmannaeyingar komu hingað til borgarinnar.

Hjálparstarf hinna mörgu

SAMHJÁLPIN FYRIR HENDI

— Hingað komu í kringum 700 manns, sagði Ingi Kristinsson, skólastjóri Melaskólans. — Það var hringt kl. tæplega 4 um nóttina og sagt frá því, hvað var að gerast og að almannaeyrnir óskuðu eftir því að fá þennan skóla ásamt fleirum til þess að taka við fólki.

Enginn vissi um það fyrirfram, hvort fólkið kæmi til með að búa hér eitthvað til framboðar. Matvæli voru fengin og eldhúsið sett í gang og fólkinu gefið að borða, en maturinn kom tilbúinn ofan úr veitingaskólanum. Þá voru ýmsir aðilar úti í bæ, sem buðu fram aðstoð sína í þessu efni. Þannig kom boð frá Vélsmiðjunni Héðni um, að þar væri unnt að taka við þúsund manns í mat og var það að einhverju leyti notað.

Fólkið frá Vestmannaeyjum stóð hér ekki lengi við, heldur aðeins á meðan það var skrásett, en síðan komu vinir og vandamenn til þess að taka við því. Þetta gekk mjög greiðlega fyrir sig. Fólk hóf var ákaflega rólegt og aðrulaust. Starfsfólkið hér í skólanum reyndi að gera sitt bezt, en það komu margir aðrir til, einkum fólk frá Rauða krossinum, sem hafði veg og vanda af þessum aðgerðum.

En eftir þessa nótt er mér afarlega í huga, hve ægilegir hlutir eins og náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum eru nálægt okkur og hvað menn standa varnarlauis gagnvart svona atburðum. Ég tel samt, að þessi atburður hafi leitt í ljós, að samstaðan og samhjálpnin eru fyrir hendi og þá er alltaf unnt að gera stóra hluti.

SKIPULAGNINGIN MIKILVÆG

— Til okkar hafa sennilega komið 600–700 manns frá Vestmannaeyjum, sagði Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýri-mannaskólans. — Var fólkið að koma hingað fram á eftirmiddaginn. Hótel- og veitinga-skólinn sá um að framreiða mat og jafnframt var fólki veitt aðstoða til þess að hafa samband við ættingja og vini og piltarnir hér úr báðum skólunum, sem höfðu bíla, sáu um að koma fólkinu þangað, sem það vildi fara. Þeir, sem höfðu enga til þess að snúa sér til, fengu að koma sér fyrir hér, bæði í heimavistinni og skólastofum. Þetta gekk ákaflega greiðlega, bæði að sinna veitingunum og eins að koma fólkinu þangað, sem það vildi fara.

Mér fannst fólkið taka því, sem gerzt hafði, með mikilli stillingu. Þetta var að sjálfsgöðu mikil reynsla og þá mest fyrir þá, sem fyrir henni urðu. Konan mín átti systkini og frændfólk í Eyjum og var okkur að vonum örótt þeirra vegna og annarra.

En þessir atburðir hafa leitt í ljós, hve mikilvæg skipulagningin er. Kom það glöggst fram við flutning alls þessa fólks í land á svo stuttum tíma og eins við að taka á móti því. Þetta sýnir okkur, að við þurfum að vera við ýmsu búin, enda þótt það hafi ekki gerzt áður, að svona viðburðir yrðu jafn nærri þéttbýli. En eftir er óvissan um framtíðina fyrir Vestmannaeyinga og aðra.

EFTIR VONUM UNDIRBÚIN

— Það var hringt til okkar kvemanna kl. 6 og við beðmar að taka á móti Vest-

mannaeyingum í tveimur skólum, Melaskóla og Árbæjar-skóla, sagði frá Katrín Hjálte stéð, formaður kvennadeildar Rauða krossins. — Við skiptum síðan með okkur líði á þessa tvo skóla. Ég var í þeim hópi, sem fór í Árbæjarskólann og okkar aðalstarf þar var að veita fólkinu aðhlyningu og sjá um, að það fengi að borða.

Um leið og fólkið kom, var það leitt inn í hátíðasal skólans. Eftir að fólkið hafði fengið hressingu, var því dreift í stofurnar, þar sem kennarar skólans tóku á móti því og hjálpuðu því áfram. Þeir, sem eitthvað voru veikir, voru strax meðhöndlaðir af læknum og hjúkrunarkonum.

Þetta var ákaflega vel skipuð lagt. Um leið og einn hópurinn kom, var búið að rýma til fyrir honum. Við höfum sennilega tekið á móti 400–500 manns. Ég var mjög hrifin af því, hve allt virtist ganga vel og skipulega og tel, að við séum eftir vonum undirbúin til þess að bregðast við svona atburðum.

Minnisstaðust eru mér þó börnin og fullorðna fólkið, en í hópi þeirra voru mörg fól og tekin andlit eftir sjóferðina.

KOM OG FÓR

— Það var hringt í mig kl. hálf sjö um morguninn, sagði Guðmundur Arnlaugsson, rektor Menntaskólans í Hamrahlið. — Þá var ég með al annars spurður að því, hvað ég gerði ráð fyrir að geta tekið á móti mörgum. Ég ástlaði það kauslega og þorði ekki að segja nema 300–500 manns, eftir því hvernig gengi. Ég setti síðan tilkynningu um það í útvarp, að það yrði ekki kennt, en það kenn-

arana að koma upp úr átta. Þeir komu þarna allir og við skiptum á fundi til þess að skipuleggja þetta starf. Sömu leiðis kom þó nokkuð af nemendum og þeir hjálpuðu okkur ákaflega vel.

Við tókum á móti fólkinu á þann veg, að við settum tvo kennara í hverja stofu og þeir skrásettu fólkið um leið og það kom. Við höfðum annan hóp kennara, sem var í síma sambandi, þannig að þeir hringdu til aðstandenda, eftir því sem upplýsingar komu. Þá höfðum við kennara og nemendur við innganginn til þess að skrásetja fólk, þannig að það færi ekki út úr skólunum, nema við vissum um það.

Samtímis settum við kennara og nemendur í gang með að smyrja brauð og hita súpu og kaffi og annað slíkt, sem Vestmannaeyingar fengu, þegar þeir komu. Í stuttu máli sagt þá gekk þetta allt saman svo margfalt betur en ég hafði þorað að vona. Það leið stundum ekki nema hálfur klukkutími, frá því að fólk hóf kom og þangað til það var farið aftur til aðstandenda.

Við tókum þarna á móti um 670 manns og var meginhluti þess farinn aftur um eitt leytið.

FÓLK ÓTRÚLEGA RÓLEGT

— Til okkar komu 6 ráðubílar eða sennilega rúmlega 500 manns, sagði Friðbjörn Benónýsson, skólastjóri Austurbæjarskóla. — Við tókum á móti þessu fólki og gáfum því hressingu. Síðan fengu menn aðgang að síma hjá okkur, sem þurftu að hringja til fólks úti í bæ. Það fólk, sem var vegalaust, fékk að vera um kyrrt þarna í skólan-

HAMFARIRNAR Í VESTMANNAEYJUM

„Er ekki pláss fyrir einn í viðbót?“

„HEFURÐU leyfi?“ Í þrönginni í Hafnarbúðum, í sparisjóðnum, í Útvegsbankanum, í pósthöfninni; — alls staðar flaug þessi spurning milli Vestmannaeyinga. Og þeir, sem gátu svarað játandi, voru menn dagsins. Hinir ypttu öxlum; sumir bölvuðu og einstaka kreppti hnefann og kváðu það „helviti hart að þurfa að fá bréf upp á það, að mega fara heim til sín“. Að komast á

Heimaey aftur til að líta eignir og ódul er nú sterkasta aflið í huga margra þeirra Vestmannaeyinga, sem eldgosið hefur hrakíð upp á meginlandið.

Við lögðum fyrst leið okkar í Útvegsbankann. Þar og í Sparisjóði Vestmannaeyja í Seðlabankanum var að hefjast veiting á sérstökum lánum til Vestmannaeyinga og er það Seðlabanki Íslands, sem leggur stofnunum til fé til lánanna, sem eru til þriggja mánaða.

„Þetta er mikil og góð aðstoð. Ómetanleg aðstoð,“ sagði Willum Andersen, sjómaður, er við spjölluðum við hann meðan hann beidi eftir því að fá peningana í hendur. „Það er allt eins, viðmótið, sem við matum hérna á meginlandinu. Það er mikið og gott.“

Willum kváðst hafa komið frá Eyjum í gærmorgun. Hann er á Kristbjörgu II og þeir eru að búa sig á loðnuna. Þú dögum fyrir gosið flutti Willum með konu og þrjú börn í nýtt íbúðarhús í Vestmannaeyjum. „Það var stutt sæla það,“ segir hann og leyfir sér að brosa út í annað munni. „Alla vega verður landslagið breytt,“ er það eina, sem Willum vill segja um það, sem tekur við Heimaey að nýju löku.

Ör fjármálaviðskiptin gengu „latt yfir“. „Eyiadiskinn“ í Reykja vík. Alzengast var, að einstaklingar tæki 5—10 þús. kr. lán en fjölskyldumenn fóru hærra; allt í fullan kvóta, sem er 50 þúsund krónur. Það var greinilega skapléttara fólk, sem fór út, þegar seðlarnir voru fengnir. Öz þarna kom einn útgerðarmaðurinn með miklu írafári. Hann var búinn með tékkheftið sitt

og vildi fá annað. „Þeir biða nefnilega eftir aurunum strákarnir mínir,“ sagði hann.

Í Hafnarbúðum ríkti einkennilegt andrúmsloft. „Við erum landlaust fólk að leita hjálpar,“ sagði eldri maður við okkur. Og utan um hvern þann mann, sem spurðist að væri nýkominn úr Eyjum, myndaðist þegar þyrping. „Leiztu nokkuð upp í gluggann hjá mér?“ „Hittirðu Valda?“ „Hvernig er þetta eiginlega orðið?“

Engin föst vinnuátlun er komin í gang, nema hvað Landsamband iðnaðarmanna hefur reynt að útvega mönnum í byggingariðnaðinum atvinnu. Menntafræðingarnir komast til Eyja aftur að sækja nauðsynjar, áður en þeir fara að taka til hendinn uppi í landi. Og atvinnurekendur úr Vestmannaeyjum vilja halda í sína menn. Smíðjurnar eru nú að reyna að fá inni í verstöðvum á Suður- og Suðvesturlandi og eigendur þeirra vilja illa missa starfskraftinn frá sér strax. Og svo er um fleiri.

Í gærkvöldi áttu fyrstu fjölskyldurnar úr Vestmannaeyjum að flytjast inn í Ölfusborgir og

sagði Jónatan Aðalsteinsson á skrifstofu ASÍ Mbl, að þar yrðu hýst um 280 manns. Í Munaðarnesi eru og 24 hús, sem reiknað er með, að iðnaðarmenn og aðrir, sem vinnu fá í Borgarnesi, búi í með fjölskyldum sínum; 8—10 manns í húsi.

Í Hafnarbúðum verður í dag opnuð kaffistofa. Þar er nú upplýsingadeild, fjármáladeild, húsnæðisdeild og skrásetning.

Það er í upplýsingadeildinni, bak við bambustjaldið, sem menn fá leyfi til Eyjaferðar. „Aðsóknin er gífurleg. Miklu meiri, en við fáum annað,“ sagði Georg Tryggvason, lögfræðingur Vestmannaeyjabæjar, þegar okkur tókst að halda honum á jalldhorninu smástund. „Það fara 180 manns með tveimur skipum í nótt og svo aftur 180 manns á morgun.“

Menn fá að sækja sínar nauðsynlegustu föggur, en viðvölin er ekki lengri, en meðan skipið læstar bíla eða hvað það nú er, sem sótt er hverju sinni. Þeir, sem búa í austurbænum hafa forgöngu um ferðaleyfi og svo reynum við að láta heimilisferður ganga fyrir.“


Það var greinilegt, að sóknin í ferðaleyfi var ströng. Einn eftir annan gripu menn í handlegg Georgs og spurðu, hvort ekki væri nú pláss „fyrir eim í viðbót“. Og Georg þótti greinilega ekkert gaman að segja nei.

Þarna sat Haraldur Arngrímsson og hampaði vísi að nýrri íbúaskrá Vestmannaeyja; að þessu sinni með heimilisföngum í landi. „Við erum ekki komnir

Framh. á bls. 21



Hann var hress yfir landvístinni þessi ungi Eyjamaður og sagði okkur, að það væru miklu fleiri seltætisbúðir í henni Reykjavík en heima.



Með Eyja-fólki í Reykjavík



Vestmannaeyingar vitja lánasína í gær.

(Myndirnar tók Br. H.)



Hún er huggsi þessi Eyjakona meðan hún bíður eftir peningunum.

Bridge:

Hjalti og Ásmundur til keppni í London

Taka þátt í Sunday Times-mótinu

Í GÆRKVÖLDI hófst alþjóðatvímenningskeppni í bridge í London, sem haldin er á vegum


Sáttafundur í dag

BOÐAÐUR hefur verið sáttafundur í vinnudeflu togarasjómanna kl. 2 í dag, en verkfall togarasjómanna hófst á miðnætti sl. miðvikudags. Í samtali við Morgunblaðið í gær sagði Jón Sigurðsson, formaður Sjómannaambands Íslands, er hann var spurður um afstöðu til tilmeila ráðherra um að fresta verkfallinu, að viðbrögð sjómanna væru undir viðsemjend-um þeirra komin.

Sunday Times. Meðal þátttakenda er þar frá Íslandi, þeir Hjalti Eliasson og Ásmundur Pálsson. Morgunblaðið hafði í gær samband við Ásmund og spurði hann fréttu, en ætlunin er að reyna að hafa fréttir frá mótinu dag hvern.

Hann sagði að lítið væri í fréttum annað en það, að þeir væru þarna á ágætis hóteli og hefðu það gott, en byrjað yrði að spila kl. 7.45 um kvöldið og spilaðar 3 umferðir (30 spil).

Á móti þessu koma saman sterkustu og litríkustu spilarar allra tíma. Mjög þar nefna ítölsku meistarana, brezku sveitina sem var hér á ferð í fyrra- vetur, Omar Sharif o.fl. o.fl.



Minnisvarði séra Jóns Þorsteinssonar, sem nefndur hefur verið píslarvottur, var kominn á kaf í hraunið í gær. Myndin sýnir, þegar verið var að bjarga steininum frá glötun í hrauninu. — Ljóm.: Kr. Ben.

Legsteinn séra Jóns píslarvotts dreginn úr hrauninu

Vestmannaeyjum í gær frá Árna Johnsen blaðamanni.

ÞEGAR blaðamaður Mbl. kom að Kirkjubæjum í gær í fyrsta skipti eftir að hraun rann þar yfir, tók hann eftir því að legsteinn séra Jóns píslarvotts var að hverfa undir hraunið og stóð aðeins um fet út undan. Blaðamanni náði þá í forseta Íslands, sem staddur var í Eyjum á þeim tíma og sýndi honum steininn. Var þá ákveðið að bjarga steininum og voru sett á hann bönd og hann dreginn undan hrauninu í vörubíl. Steinninn er úr grágrýti tæpir tveir metrar á lengd. Þetta er nýr legsteinn með sömu táknun

á og sá gamli, sem var úr móbergi og fannst árið 1924 og er nú geymdur í Þjóðminjasafninu.

Herra Kristján Eldjárn ritar um þennan stein í bók sinni Hundrað ár í Þjóðminjasafni og segir þar „Sera Jón Þorsteinsson sálmaskáld og prestur að Kirkjubæ var veginn af Tyrkjum hinn 17. júlí 1627 (austur af Kirkjubæ í Rauðhelli og var hellirinn á bergbrúnni, en hraunið er nú farið yfir hann og húsín á Kirkjubæ, innskot blaðamanns) en kona hans og sum börn hans tekin höndum og flutt í þrældóm í Barbaríinu. Um víg séra Jóns

segir herra Oddur Einarsson Skálholtsbiskup í bréfi til séra Jóns Sveinssonar í Holti í Öndarfirði: „Eftir það tóku þeir hinn prestinn síra Jón Þorsteinsson og lifléttu hann hryggilega, þar sem hann stóð á hnjúm og hélt höndum til himins og það guð um náð, þá voru höggvar af honum báðar hendurnar af einu og strax þar eftir fékk hann tvö högg í höfuðið og að síðustu var hann lagður í gegn með spjóti, svo dó hann kristilega svo sem annar guðs píslarvottur.“

Steinninn fannst síðan 1924, er maður nokkur var að þæla í kálgarði í Kirkjubæ, á þeim

stað, sem verið hafði bæna- hús fyrrum. Hann var 111 sm á lengd og 56 sm á breidd og aðeins önnur hlíðin tilhöggv- in þar að honum hefur verið ætlað að liggja flatur á leið- inu.“

Sera Jón Þorsteinsson er talinn fæddur um 1570. Hann var eitt af höfuðskáldum sinnar tíðar og orti m.a. Davíðssálma og Genesisálmá auk fjölda annarra sálma og andlegra kvæða að því er segir í bók Kristjáns. Eftir dauða sinn var síra Jón næst- um því helgur maður í vit- und þjóðarinnar og oft nefnd- ur píslarvottur. Einn af nið- j- um séra Jóns var Jón biskup Vidalin.



Áskorun til húseigenda

Á FUNDI stjórnar Húseigendafélags Reykjavíkur í gær var eftirfarandi áskorun gerð:

Hér með skorum við á alla húseigendur að láta Vestmannaeyingjum í té allt það íbúðarhúsnæði, sem þeir hafa nú laust eða geta losað á næstunni, hvort sem er einstök herbergi eða íbúðir.

Stjórn Húseigendafélags Reykjavíkur.

Kapalskip bíður átekta fyrir utan Eyjar

Tæki simans í Eyjum yfir 200 millj. kr. virði — Tekur 2 ár að framleiða ný ef þau eyðileggjast

Vestmannaeyjum í gær, frá Elínu Pálmadóttur.

KAPALSKIPIÐ Northern er komið til Vestmannaeyja og liggur úti fyrir og bíður átektu, en til Vestmannaeyja liggur sæsinn inn til Íslands og dýrmætustu tækin, sem eru í Eyjum, eru tæki simans. Tækin, sem þar eru, eru líklega yfir 200 milljóna króna virði, að því er Þorvarður Jónsson, yfirverkfræðingur á Landssímanum, tjáði fréttamanni blaðsins, en Þorvarður er nú í Eyjum og stjórnar aðgerð- um þar.

Fari svo illa að kaplarnir og útbúnaðurinn í Eyjum eyðilegg- ist, er ekkert símasamband við Evrópu nema um radió og yrði það nánast eingöngu fyrir flug- umferðarstjórn og alnaúðsynleg- ustu þjónustu. En Þorvarður kvaðst bjartsýnn á, að svo slæmt yrði það ekki og fengju símamenn einhvern fyrirvara, þá mundu þeir taka niður það mik- ið af tækjum, að aftur væri hægt að setja upp neyðarstöð annars staðar. Tækist þar aftur á móti ekki, mundi taka eitt til tvö ár að framleiða útbúnað aft-

ur, því að hann er hvergi til á lager.

Sæsímastrengirnir, sem liggja til Færeyja og Grænlands, koma í land í Heimaey í svokallaðri Klauf og þaðan liggur samband inn á símsstöðina í kaupstaðnum. Um svokallað Sæfél á Heimaey er svo samband við Reykjavík og frá Klifi eru átta rásir til Sel- foss og auk þess er samband við Vik í Mýrdal. Sagði Þorvarður, að svo lengi sem stöðin sjálf væri heil, mundi hægt að halda símasambandinu, jafnvel þótt út búnaðurinn á Klifi og Sæfelli færi. En færri símsstöðin sjálf, yrði allt samband úr sögunni. Var hann mjög vantrúður á, að svo myndi fara.

Vegna þess, að tækin í stöð-

Jöklarannsóknamenn

FUNDI Jöklarannsóknafélagsins hefur verið frestað að sinni þar sem formaðurinn er önnur kaf- inn í Vestmannaeyjum um þess- ar mundir.

inni og við sæsímarnir eru svo gífurlega mikils virði, var kap- alskipið Northern til kallað og það haft til taks, en þar um borð, er mannskapur, sem getur tekið tækin niður og leyst af hendi alla nauðsynlega vinnu við það. Þorvarður Jónsson tók fram, að síminn hefði þarna sömu stefnu og aðrir í Eyjum, að hreyfa ekkert þaðan fyrr en í ítrustu neyð og því yrði ekki farið að taka niður þessi dýru tæki, fyrr en brýn nauðsyn krefði.

Skólavist Eyja- nemenda í athugun

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ hefur nú í athugun með hvaða móti sé unnt að veita nemend- um úr Vestmannaeyjum kennslu, svo að þeir geti haldið námi sínu áfram. Í fréttatilkynningu frá ráðuneytinu segir svo:

Menntamálaráðuneytið er nú að athuga í samráði við skóla- stjórnir barna- og gagnfræða- skóla í Vestmannaeyjum og fræðslustjórana í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði með hvaða móti unnt sé að veita nem- endum úr Vestmannaeyjum kennslu, svo að þeir geti haldið námi sínu áfram.

Elgi er vitað hvar nemendur þessir dvelja nú og þess vegna hefur verið ákveðið að biðja nemendur að skrá sig eftir dval- arstað föstudaginn 26. janúar á tímanum frá 1—6 síðdegis. Í Reykjavík, Kópavogi og Hafnar- firði fer skráning fram í fræðsluskristofnum þessara staða, en annars staðar eru skóla- stjórnar næsta skóla beðnir að annast skráninguna.

Að skráningu lokinni verður svo ákveðið með hvaða hætti kennslu verður hagað, og at- hugað, hvort unnt sé að láta bekkjardældir halda sér að ein- hverju leyti.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja:

Bæjar- og atvinnulíf komist í eðlilegt horf

Tveir framkvæmdastjórnar valdir til gósmála

Vestmannaeyjum í gærkvöldi frá Árna Johnsen, blaðamanni Mbl.

5 MANNA nefndin, sem ríkis- stjórnin skipaði vegna eldgoss- ins hér á Heimaey valdi sér 2 framkvæmdastjóra í dag. Fram-

kvæmdastjórnir eru Ólafur Helgason, bankastjóri Útvegs- banka Íslands í Vestmannaey- um og Guðmundur Karlsson for- stjóri Fiskiojunnar h.f. í Vest- mannaeyjum. Mun Ólafur hafa aðsetur í Reykjavík um sinn en Guðmundur í Vestmannaeyjum.

5 manna nefndin mun hafa að- setur í Hafnarbúðum.

Þá samþykkti bæjarstjórn Vestmannaeyja á fundi sínum í dag að hefja nú þegar aðgerðir til þess að koma bæjar- og at- vinnulífi bæjarins í gang aftur og í eðlilegt horf.

Morgunblaðið

Útgefandi hf. Árvakur, Reykjavík.
 Framkvæmdastjóri Haraldur Sveinsson.
 Ritstjórnar Matthías Johannessen,
 Eyjólfur Konráð Jónsson.
 Styrjmir Gunnarsson.
 Ritstjórnarfulltrúi Þorbjörn Guðmundsson.
 Fréttastjóri Björn Jóhannsson.
 Auglýsingastjóri Árni Garðar Kristinsson.
 Ritstjórn og afgreiðsla Aðalstræti 6, sími 10-100.
 Auglýsingar Aðalstræti 6, sími 22-4-80.
 Áskriftargjald 225,00 kr.
 I lausasölu 15,00 kr eintakið.

Athygli manna beinist nú mjög að því, hvernig bjarga megi því, sem bjargið verður vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum. Í viðtali við Morgunblaðið í gær sagði Björn Guðmundsson, formaður útvegsbændafélagsins í Vestmannaeyjum, að á fundi í fyrradag hefðu útgerðarmenn í Eyjum komið til á þeirri sameiginlegu niðurstöðu, að jafnvel þótt gosið hætti á næstunni yrði ekki um að ræða neina fiskvinnslu í Vestmannaeyjum a.m.k. næstu mánuði. Öllum kröftum er hins vegar beint að því að tryggja útgerð þeirra rúmlega 70 báta, sem gerðir hafa verið út frá Eyjum.

Mál að ræða. Kanna þarf löndunaraðstöðu í þeim höfn-um, aðallega Þorlákshöfn og Grindavík, sem næst liggja hinum hefðbundnu miðum Vestmannaeyjabátanna. Ennfremur hver afkastageta frystihúsanna á þessu svæði er og hvort mannaflí sé til að vinna aflann. Öll eru þessi mál nú í athugun en nokkurrar bjartsyni gæti um, að takast muni að tryggja útgerð Eyjabátanna með þessum hætti og er þá áfallið ekki eins mikið og ella, að því er útflutningsframleiðsluna varðar. Með því er þó

ekki vanmetið það tjón, sem bæði einstaklingar og þjóð-
 arþúið verða fyrir sökum þess, að fiskvinnslustöðvarnar í Eyjum verða ekki starfræktar. Nokkrar umræður eru um það, að ef til vill verði hægt að vinna loðnuna í fiskimjölsverksmiðjunum í Vestmannaeyjum, en það mál er nú allt í athugun.

Vandamálin, sem upp hafa komið vegna hinna ótrúlega atburða í Vestmannaeyjum eru margþætt. Hér hefur verið fjallað um rekstur útgerðar og fiskvinnslu í Eyjum, sem hefur gífurlega þýðingu fyrir þjóðarþúið. Einnig kemur upp spurningin um það tjón, sem einstaklingar verða fyrir vegna þessara örlagaþrungnu atburða. Nú þegar hafa nokkur íbúðarhús

og er óhætt að fullyrða, að þar hefur einstaklega vel verið að verki staðið og Vestmannaeyingar sjálfir haft þar alla forystu.

Fyrir ríkisstjórn og Alþingi liggur nú að meta afleiðingar eldgossins í Vestmannaeyjum og hvaða ráðstafanir er nauðsynlegt að gera vegna þess. Engum blandast hugur um, að tjón atvinnurekstrarins, einstaklinganna og þjóðarþúins er mjög mikið en til þess að hægt sé að takast á við vandan er nauðsynlegt að menn reyni að gera sér nokkra grein fyrir stærð hans, enda þótt það sé vafalaust miklum erfiðleikum bundið og ef til vill erfitt að átta sig á því nema í stærstu dráttum. En þegar þær útlínur liggja fyr-

ingum verði bætt það tjón, sem þeir verða fyrir vegna þessara náttúruhamfara. Heiðarlegum og skynsamlegum tillögum þar um verður áreiðanlega vel tekið af öllum almenningi í landinu. Því má treysta.

En af gefnu tilefni vill Morgunblaðið alvarlega vara ríkisstjórnina við því að gera tilraun til þess að blanda saman nauðsynlegum ráðstöfunum vegna þeirra áfalla, sem þjóðarþúið hefur orðið fyrir vegna hamfaranna í Eyjum og aðgerðum, sem hún kann að hafa í hyggju í framhaldi af þeirri gengis-lækku, sem hún framkvæmdi í desember sl.

Ráðstöfunum vegna áfallsins í Vestmannaeyjum verður að halda algerlega aðskildum frá hvers kyns öðrum aðgerðum, sem ríkisstjórnin kann að telja nauðsynlegar til þess að takast á við heimatilbúinn vanda hennar í efnahagsmálum. Því mun illa tekið ef þessu tvennu verður blandað saman. Til þess liggja engin rök og það er óheildarlegt. Þessi varnaðarorð vill Morgunblaðið mæla nú, og ekki af ástæðulausu, og væntir þess að ríkisstjórnin taki fullt til lit til þeirra.

BJARGRÁÐ

brunnið í Eyjum og ómælt er það tjón, sem einstaklingar verða fyrir vegna þeirrar rökunar, sem orðið hefur á þeirra högum. Þá er nú unnið ótulllega að því að leysa þau félagslegu viðfangsefni, sem upp hafa komið við flutning 5000 manna byggðarlags frá Vestmannaeyjum til Reykjavíkur

ir ætti að vera hægt að meta hvernig við þessum atburði á að bregðast í fjárhagslegum efnum. Það fer ekki á milli mála, að þjóðin öll er reiðubúin til þess að leggja sinn skerf af mörku til þess að tryggja, að blómlegt bæjarlíf verði á ný í Vestmannaeyjum, þróttmikið atvinnulíf, og einstakl-

Minningin um manndóm Vestmannaeyinga mun lengi lifa

Ávarp Eysteins Jónssonar, forseta sameinaðs þings

ÉG býð hv. alþingismenn velkomna til þingfunda á ný eftir fundahléið, og óska þeim farsældar á nýja árinu. Síðan vð vorum hér síðast saman á Alþingi, hefur orðið einn geivænegasti atburður í sögu þjóðarinnar, þegar gjösa tók á Heimaey, og íbúar Vestmannaeyja urðu að yfirgefa heimili sín og byggðarlag á einni nóttu svo gersamlega, að í eyði mátti kalla í bill. Þyngst kemur þetta niður á því fólki, sem orðið hefur að yfir gefa allt sitt og stendur vegalaust upp, en þjóðinni allri valda þessir atburðir stórfelldum bú-sifjum. Munu þessar náttúruhamfarir mörgu breyta, afleið-

ingarnar reynast þungbærar og hafa áhrif á hag hvers manns í landinu, og það jafnvel þótt betur rættist úr en á horfist nú, sem við verðum þó fastlega að vona. Hjóta þessi atvik öll að hafa mikil áhrif á störf Alþingis í næstunni, því hér hefur brostið um sinn ein styrkasta stoðin á atvinnulíf landsmanna, svo stórfellt hefur verið framlag Vestmannaeyinga til þjóðarþúins. Læt ég í ljós þá von, að giftu-samlega takist að ráða fram úr þeim miklu vandkvæðum, sem leysa þarf. Mun það auðveldið Alþingi og ríkisstjórn störfina, að þjóðin vill tvímælalaust að samábyrgð allra landsmanna komi til, þegar slíkir atburðir

gerast, og margt mun leysast fyrir hjálpfýsi og fórnarlund manna eins og þegar hefur komið fram. Þá mun miklu bjarga framtak, dugnaður og kjarkur þess fólks, sem hér á hlut að máli, og líklegast er allra manna til þess að finna færar leiðir úr hverjum vanda. Það fer ekki á milli mála, að hér á Alþingi munu menn snúa bókum saman vð lausn þessara miklu vandamála, sem fjölmargir einstaklingar og þjóðin í heild standa nú frammi fyrir. Skýrist nú enn, að allir eru á sama báti, en með dugnaði, sam-hjálpi og góðum samþykki mun þjóðinni takast að standast þetta áfall. Efa ég ekk, að Alþingi muni takast að vinna einhuga að máli þessum og þannig mun þjóðin vilja láta að þeim vinna og vilja vinna sjálf, og hefur

þegar sýnt það í verki eins og svo oft áður, þegar vanda hefur borið að höndum. Rík ástæða er til að þakka þá einstöku guðsmildi, að ekkert manntjón varð við þessar hamfarir allar. Einnig frábært björgunarstarf þeirra mörgu, sem við sögu koma. Þá ber að þakka þá stillingu og æðruleysi Vestmannaeyinga, sem fyrir urðu þessu óvænta áfalli. Hefur framkoma þeirra vakið aðdáun alþjóðar og mun minningin um það, með því líkum manndómi þeir brugðust við háskanum lengi lifa með þjóðinni og reynast henni dýrmæt eign. Bið ég hv. alþingismenn að taka undir þessar þakkir og votta samúð sína þeim, sem fyrir þessu þungbæra áfalli hafa orðið með því að risa úr sætum.



Eysteinn Jónsson

Sænsk aðstoð vegna eldgossins á Heimaey?

Svenska Dagbladet hvetur til stuðnings við Íslendinga samhliða fjársöfnun til Vietnam

Stokkhólmi, 25. janúar. Frá Hrafinn Gunnlaugssyni. SÆNSKU blóðin halda áfram að birta forsiðfréttir frá eldgosinu á Heimaey, auk langra frásagna af aðdraganda þess og afleiðingum á innsíðum. Í öllum fréttasendingum útvarps og sjónvarps eru frásagnir af gosinu fastur liður á eftir síðustu fréttum frá Vietnam. Hingað til hefur þó enginn opinber embættismaður á vegum ríkisstjórnarinnar látið orð falla um eldgosið á Heimaey.

Hins vegar hefur næst stærsta dagblaðið í Stokkhólmi, Svenska Dagbladet tekið atburðina á Íslandi upp í leiðaradálkum sínum í dag. Þetta blað er málagn Moderata-samlings partiet eða Hægri flokksins, eins og hann er daglega kallaður. Leiðarinn fer hér á eftir í lauslegri þýðingu: „Eldgosið á Heimaey í Vestmannaeyjum á þriðjudag er alvarlegasta áfall af völdum náttúruhamfara, sem dunið hef-

ur á Íslandi frá 1783. Eftir eldgosið í Lakagígum jó þriðjudagur þjóðarinnar af völdum hungursneyðarinnar og plágu, sem fylgdi í kjölfar eldsambrotanna. Þegar eldfjallaeyjan Surtsey reis úr sæ á tímabilinu frá nóvember 1963 til janúar 1966 var sá atburður öðru fremur áægjulegt tækifæri fyrir vísindamenn að kynna neðansjávargosum í raun. Eldgosið í Helgafelli er hins vegar glóandi helvíti, sem eyðir byggð og ógnar lífi. Hinir 5 þúsund íbúar Heimaeyjar hafa neyðst til að flýja heimili sín og yfirgefa eyna. Það er ómögulegt eins og ástandið er, að gera sér í hugar-

lund hvaða hörmungar þessar náttúruhamfarir geta haft í för með sér. Eitt liggur þó ljóst fyrir. Í kjölfar eldgossins sígla mannlegar raunir og sorgir, fæmtdöin er ódugg og efnahagsáfall yfirvofandi. Í hópi flóttafólksins er enginn sem veit með vissu hvort hann getur nokkurn tímann snúið heim. Heimaey er aðaleysa Vestmannaeyja og ein höfuðmiðstöð íslensks fiskiðnaðar. Efnahagsleg þýðing eyjarinnar lýsir sér áþreifanlegast í því, að nú er reynt að bjarga þaðan 2100 tonnum af fiski, sem er margra milljóna króna virði. Engu verður um það spáð hvort fiskveiðar geta hafist aftur frá eyjunum, en þar var þorskverftið einmitt í þann mund að hefjast. Eitt gerum við okkur ljóst. Þörfin fyrir aðstoð er bráðakallandi. Þau lönd, sem öðru fremur hafa skyldum að gegna við Ísland, eru að sjálfsögðu Norðurlöndin. Auðvitað er neyð liust í heiminum, og í landi okkar hafa stjórnmálaflokkarnir

sameinazt um fjársöfnun til að byggja upp Bach Min sjúkrahúsið í Hanoi. Á föstudag munu foringjar stjórnmálaflokkanna ræða þessa söfnun sín á milli. Þessi söfnun er í þágu mannlífs og friðar. Í dag er augum alheimsins beint að Vietnam. Flest lönd hafa þegar hafið aðstoð eða eru að koma henni á sporið. Íslendingar og hörmungagögnirnir á Heimaey vilja því falla í skuggann, eins og málum er háttáð í dag. Ábyrgð Norðurlandanna er miklu meiri en ella. Það væri ljótur blettur á norrænni frændsemi og hinni margloftuðu samvinnu Norðurlandanna, ef við gleymdum Íslandi þessa erfiðu daga. Þetta má samt ekki skiljast þannig, að verið sé að draga úr viljanum til hjálparaðgerða í Vietnam — þvert á móti því að aðstoð við Ísland ætti auðvitað að vera samhliða þeim aðgerðum. Fundur formanna stjórnmálaflokkanna verður því skilyrðislaust að taka einnig til umræðu ástandið á Íslandi.“

HAMFARIRNAR Í VESTMANNAEYJUM



Þannig lita gosstöðvarnar út þegar siglt er út úr höfninni í Vestmannaeyjum með lóðsinum. (Ljós. Mbl.: E. Pá.)

Vestmannaeyjum í gærkvöldi.
Frá Elínu Pálmadóttur.
ÞAD fólk, sem sést á ferli í Vestmannaeyjum nú, er allt í sömu erindum. Menn eru á ferð með búslóðir á bílum, að vinna við lestun á fiski eða taka veiðarfæri um borð í báta. Næstum enginn sést ganga um íðjulaus. Sennilega hafa síðustu íbúarnir horfið á braut með Herjóffi og Heklu og fáir bætt við í dag. Allir eru önnur kafnir og flestir dauðuppgæfnir, hafa vakað nótt og dag við að ganga frá íbúðum og losa þær. En ekkert lát er á gosinu. Yfir bæinn ber rauðan bjarna og alls staðar frá má sjá rauðar slöttur bera við himin og mólkin leita hátt í loft upp. Í nótt er búzt við, að veður-
lát snúist og þá verði ekki vært úti fyrir áskufalli. Fari svo eru fleiri hús en fyrr í hættu. Hraunið er þegar að mala tvö af þeim húsum, sem brunnið voru. En gígbarmurinn austanmegin fær bænum er orðinn mjög hár líklega um 100 m og því meiri hættu á, að gosletturarnar gangi í átt til bæjarins.
Nú undir kvöldið voru menn að flytja dót úr Svan hól, þar sem Þórdís Guðjónsdóttir býr. Sonur hennar, Sigurður Sigurðsson, sá um það og nokkrir félagar hans með honum og voru þeir að bera það síðasta úti og gamla húsið nær tómt. Ekki er þó hægt að taka algjaflega, þetta er svo gamalt heimili, sögðu þeir. Sigurður sagðist næst

merkispjöld við hverja hrúgu. Árni Hansen, Þorsteinn Páls-son, Gunnlaugur Helgason, Bjarni Herjólfsson o. s. frv. Húsrými er enn í skólahúsinu, leikfimisáurinn t. d. lít notaður, en netagerðirnar eru líka að losna, ef á meira hús-
næði þarf að halda. En með veigra sér við að fara að bera húsgögn upp á aðra hæð, þar sem allir eru að verða tr-
vinda.

Flutningarnir höfðu gengið samilega vel um nóttina, sagði Reynir skólastjóri, því meiri mannskapur var þá við en fyrr, líklega um 50 manns. Fleiri menn voru komnir til baka til Eyja, en áður, en að faranótt miðvikudags voru

liðsmenn í land með fjölskyldur sínar og voru eftir 9 af 30 í Eyjum. En þegar þeir ætluðu að snúa til baka fengu þeir ekki leyfi. Í gær voru þó nær allir slökkviliðsmenn aftur komnir. Þá var líka kominn með Heklu slökkviliðsbíll, sem upphálega átti að fara til Fáskrúfufjarðar en var tekinn í þetta. En sams konar bill er til í Eyjum. Er ætlunin að mynda 3 slökkviliðs-flokkar og reyna að fara um og verja hús, einkum forða því að keðjubrunar geti orðið. Rúnar Bjarnason slökkviliðs-
stjóri í Reykjavík og Gunnar Pétursson frá Brunna-
eftirlitinu voru í Eyjum að ráðgast við Kristín og snéri

ina með Halkion í land með börnin nærri í náttfötunum. Hið övur á nýtt hús í bygg-
ingu. Fjölskyldan ætlaði að flytja í það í vor. „Komnar í þetta 1.390.000 kr. í beinhörð-
um peningum og eldhústæki fyrir 55.000 kr.“ sagði hann, „og ætli Húsnæðismálastjórn taki húsið upp í 1. veðrétt, ef það brennur, eða bankinn taki það upp í annan veðrétt.“ sagði hann.

SELURINN HVARF AÐUR EN GOSIÐ HÖFST

Skúli Jónsson, mælinga-
verkstjóri hjá Hafnarskrifstofunni hefur verið að mæla fyrir skipalýftu í höfninni síðan 15. janúar og borað niður á 30 m dýpi í Friðarhöfn. Sagði hann greinilegt, að vatnið í höfninni væri farið að hitna. Öll tæki kæmu nú upp volg. En Skúli sagði, að merkilegt væri, að fullorðinn selur, sem alltaf hefði verið í kringum hann og aðstoðar-
mann hans meðan þeir unnu, hvort daginn áður en gos hófst og hefur ekki sézt síðan. „Hann hefur haft jarð skjálftateki sitt í lagi.“ sagði Skúli.

Í Vestmannaeyjum velta menn því miklið fyrir sér, hvað gerist, ef höfnin lokast. Það er þó ekki yfirvofandi. Lóðsin hefur verið notaður í mælingar á höfninni og varð skip fylgjast með gosinu af sjó. Lóðsin fer öðru hverju út til dýptar og fjarlægðarmælinga og við stýrið er hin aðna kempa Einar Svein Jónsson. Fréttamaður Morgunblaðsins fór út með Lóðsinum í gærmorgun. Gufumökkur grúfi þá yfir höfninni, því með aðfallinu kemur hlýr sjór inn í hana. Þar sem hraunið rennur í sjó inn og eldur og sjór koma saman stiga upp háar slútur af hvítri gufu og dökkum mekki. Gjall flýtur á sjónum og í mekkinn sést á endann á hraunbrúnninn. Hún nær sem fyrr 700–800 m út í sjó og brúnn brott niður. Og enn eru 0,4 sjómílar frá hraunnu yfir í Heimaklett og lært öllu um skipum, sagði Einar. Hraunlænan inn með landi hreyfist ekki, en í gærkvöldi mátti vel greina úr landi, að hraun væri að fylkast upp í krikann innan við garðinn, sem myndast hafði um morguninn.

Bæjarverkefndingurinn Páll Zóphaniasson var við mælingar og veitti upplýsingar. Margt hefur þurft um að hugsa, en töf varð á að verkstjórar, sem höfðu farið í land fyrstu nóttina kæmst aftur út í eyjar, vegna tafa á leyfum til þess. Kl. 5 komu svo 20 verkstjórar og starfsmenn úr áhaldahúsi á staðinn með flugvél og var vel fagnað. Ötal verkefni biðu. Eitt af því var að fylgjast með vatninu, en í tönkum eru 2500 rúmmetrar, sem hægt er að treina í viku, þó leiðslan fari, ef ekki tapast niður vatn. Leiðslan er þó ekki talin í hættu e'ns og er. Niðri við höfnina voru bátar að sækja veiðarfæri sín. Þar hittum við Þorkel Þórarinsson vélstjóra á Ver, Elias Sverrisson skipstjóra á Ööl-
ingi, einn helsta sjóhúlkinn í Eyjum e'ns og hinir kynntu hann og Ármann Eyjólfsson, skólastjóra stýrimannaskóla-
ans. Þorkell sagði, að þeir á Ver væru nú að sækja ýmiss konar net, svo hægt sé að róa og um leið tækju þeir eitthvað af fatnaði úr íbúðum sínum handa fjölskyldunum. Og ekki megi gleyma að tappa af miðstöðinni. Og Eli-
as sagðist vera í sömu erindum, ekki þýddi að fara að sækja húsgögn, því enginn staður væri fyrir þau í landi. Veiðarfærin byggjast þeir við að geta geymt í vöru geymslu hjá Hafskip. En hvar þeir legðu upp vissu þeir ekki. Við spurðum sjómennina, hvernig þeim litist á þennan nýja garð, sem væri að myndast fyrir utan höfnina hjá þeim, sem sumir segðu, að gæti orðið skjól-
garður. Ekki voru þeir á sama máli, töldu að miklið gæti brímað við hann og þá bætti það ekki hina erfiðu innsiglingu.

Ármann skólastjóri var hinn hressasti, sagði að jafn-
vel þótt höfnin lokaðist í gosinu, þá héldist áfram byggð í eyjum. Á viku mætti grafa sundur e'ðið og þá fengist betri höfn en nokkur sinni fyrr. Slíkar áætlanir eða a.m.k. spekulásjónir, hefðu verið uppi áður. Auðvitað þurfum við að líta eftir höfninni og fylgjast með, en ílla fer þá fám við sjálfsagt aðstoð, sagði Ármann, þó eru Vestmannaeyingar þannig, að þeir vilja sem mest standa á eigin fótum.

Fleiri sjómenn voru komnir þarna og voru menn ekki á einu máli um það, hvort aftur yrði búið í Eyjum og hvort fljótlega yrði unnið þar aftur. Elias sagði, að kona hans og tengdadóttir hefðu nú sagt, að þær mundu koma aftur og setjast að og mér líður betur að vera hér í dag en nóttina, sem gosið hófst, bætti hann við, maður venst sjálfsagt öllu.

Bæjarstjórnin í Vestmannaeyjum hefur nú í hyggju að reyna að hefja aftur einhverja starfsemi og þá fyrst og fremst móttöku á loðnu, og til þess þyrfti ekki að fara til Eyja nema 100–200 manns, að því er Magnús bæjarstjóri tjáði okkur. En hann sagði, að beðið yrði áteka fram yfir í heilgi, úr því yrði kannski hægt að hefjast handa en fjölmargir Vestmannaeyingar mundu vilja koma til slíkrar vinnu, þótt fjölskyldurnar væru skildar eftir heima fyrst um sinn.

„Mitt hús fer í eldinn í nótt“

ætla að taka fyrir hús bróður síns. En mitt hús fer í eldinn í nótt, sagði hann. Eg flutti í það nýtt 1971 og var rétt að losna úr mestu skuldunum aftur, bætti hann við.
Í alla fyrrinótt og í dag var unnið að því að flytja húsgögn og dót úr húsunum í austurbænum í Vestmannaeyjum og var markmiðið að bæta öll húsin að Helgafellsbraut. Gengu vinnuflokkarnir í það undir stjórn slökkviliðsins og hjálparliða. Var hvert húsið tekið fyrir af öðru og brotist inn, ef eigendur höfðu tekið sent lykka. Fyrst var öllu ídóti söpað úr skúffum og skápum í sorppoka úr plasti frá bænum, og það síðan flutt ásamt húsgögnum í Barnaskólahúsið. En þar er við stjórn Reynir Guðmundsson, skólastjóri, sem eins og aðrir hafði ekki farið úr fótum síðan gosið hófst.
Í skólahúsinu var húsgögnum raðað upp og hver farmur færður á skrá og merktur. Þarna mátti sjá ísskápa, stereoteiki, stóla, lampa, sjónvörp og annan húsbúnað og

miklir erfðilekar vegna mann-
fæðar.
GLOANDI MOLI KOM Í SÓFA, SEM MENN BÁRU Á MILLI SIN
Í fyrrinótt, þegar vindáttin breyttist, ætluðu flutningamenn einmitt að fara að byrja á austasta húsinu í hverfinu, tók þá skyndilega að rigna yfir mennina eldgjóandi ósku og þeir hlupu í skjól undir bíl. En glóandi moli kom í sófa, sem þeir voru að bera á milli sín og brenndi sig gegum áklæðið. Einnig fór annar moli gegnum málverk af Vestmannaeyjum um. Síðan lægði smástund og komust mennirnir þá aftur í að flytja. Nægir vörubilar voru við flutningana. Margir menn höfðu sent lykka af bíl-
um sínum og boðið þá fram og átta vörubílstjórar komu til baka á fimmtudagsmorgun.
Flutningarnir voru fyrstu næturnar undir stjórn Kristín Sigurðssonar slökkviliðs-
stjóra, en lögreglumennirnir eru nú að taka við. Fyrstu nóttina fóru margir slökkvi-

Rúnar aftur við til Reykjavíkur til að útvega þann búnað, sem talinn var þurfa.

ÖSKUREGN OG GJALL BULDI Á HÚSÞAKI

Í fyrrinótt, er vindáttin breyttist í Vestmannaeyjum og óskufall byrjaði hafði undir irriðar fréttamaður rétt lagt sig á Hótel Berg. Sigurður Karlsson hóteldhaldari hafði spurt, hvort ég væri hér bergi í bakhlöð hússins eða nr. 3, sem snéri beint gegn gosinu, og var sá kosturinn tekinn. Herbergið var badað rauðum bjarna og hægt að fylgjast með þessu tignarlega gosi út um gluggann. En þegar ég var rétt sofnuð í dýr-
súðinni upphöfst miklið óskuregn og buldi gjall á húsbaki, en í sama mund heyrðist í dýrabjöllu. Voru þar komnir tveir attingjar Sigurðar, Hlöd ver Haraldsson og Friðrik Óskarsson, sem höfðu komið aftur til Eyja til að flytja burtu 3 sófasett úr þremur íbúðum, og fleira dót, sögðu þeir. Sjálfir höfðu þeir farið með fjölskyldur sínar gosnótt

Gosmyndir sýndar hjá ABC

Í FRÉTTATÍMA ABC-sjónvarps stöðvarinnar bandarísku vör sýnd kvikmynd frá gosinu í Heimaey á þriðjudagskvöld. Fréttamaður ABC hérlandis er Ásgeir Long, kvikmyndatökumaður, og fór hann strax fyrstu gosnöttina til Vestmannaeyja og tók þar fréttamyndir, sem sendar voru samdægurs með Loft-leiðavél og eins og fyrr segir sýndar vestra um kvöldið. Í gær morgun tók Ásgeir svo að ósk ABC á móti nýu manna leiðangri frá Smithsonian-stofnuninni, og hyggst á leiðangur fara til Vestmannaeyja.

Gerðar- dómur skipaður

HÆSTIRÉTTUR skipaði í gær gerðardóm þann, sem fjalla á um vinnudeilu vélgæslumanna. Í honum eiga sæti: Magnús Thoroddsen, borgardómari, Guðmundur Björnsson, prófessor og Brynjólfur Sigurðsson, lektor. Nefndin mun hefja störf nú þegar.

LEIÐRÉTTING

Í síðari hl. greinar Ó. I. M. „Landhelgi og lögsaga“ í Mbl. 23. jan. hefir slæðzt meinleg prentvilla ofan við miðju í síðasta dálki — bls. 15. Þar stendur: . . . leiða fram sína sök og gera ýtrustu kröfur . . ., en á að vera . . . leiða fram sín rök og gera . . .“ o. s. frv. Þarna er meiningarmunur, því að við teljum okkur ekki vera í neinni sök, en aftur á móti hafa sterk rök.

FÉLAGSLÍF

I.O.O.F. 1 = 1541268½ =
M.sýn.

I.O.O.F. 12 = 1541268½ =



Frá Guðspekifélaginu
Hinn mikli andardráttur, nefnist erindi, sem Sigvaldi Hjálmarsson flytur í Guðspeki félagshúsinu Ingólfsstræti 22 í kvöld, föstudag kl. 9. Öllum heimill aðgangur.



Ferðafélagsferðir
Á laugardag kl. 13:
Gosskoðunarferð á Krosssand Verð 900 kr.
Á sunnudag kl. 13:
Gönguferð á Helgafell í Mosfellsveit. Verð 200 kr. Brottför frá B.S.I.
Ferðafélag Íslands,
Öldugötu 3,
símar 19533, 11798.

Kópavogsbúar
Spilakvöld Kvenfélags Kópavogs verður í félagsheimilinu efri sal, sunnudaginn 28. janúar kl. 8.30 e. h.

Nefndin.

VIÐTALSTÍMI Alþingismanna og borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Alþingismenn og borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins verða til viðtals í Galtafelli, Laufásvegi 46, á laugardögum kl. 14.00—16.00 eftir hádegi.

Laugardaginn 27. janúar verða til viðtals: Ragnhildur Helgadóttir, alþingismaður, Ólafur B. Thors, borgarfulltrúi, og Magnús L. Sveinsson, varaborgarfulltrúi.



Til sölu

vélaviðgerða- og bifreiðaverkstæði í mjög góðum rekstri á bezta stað í Reykjavík.

Leiguhúsnaði um 500 fm, háar hurðir, 4,5 m. góð lóð. samningur til 5 ára. Örugg viðskiptasambönd, væg útborgun.

Tilboð sendist blaðinu, merkt: „Algjört trúnaðarmál — 9344“ fyrir 2. febrúar.



TILBOÐ

	ADUR	NÚ
Appelsínur	3 kg. 183.00	149.-
Hreinol grænt	½ ltr. 37.40	32.-
Kjörís Fromage	1 ltr. 65.00	54.-
Hersey's Instant Cocoa	8 oz. 50.00	42.-
Shiny de Luxe shampo	½ ltr. 93.00	76.-
Rainbow Hair Spray	18 oz. 169.00	135.-

K-KAUPMAÐURINN SELUR ÓDÝRT



FÉLAGSSTARF SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS

Almennir stjórn mála fundir á Austurlandi

Sverrir Hermannsson alþingismaður boðar til almennra stjórn mála fundu á

REYÐARFIRÐI

27. janúar næstkomandi klukkan 4 eftir hádegi í Félagslund. Ræðumenn: Ólafur G. Einarsson alþingismaður, Pétur Sigurðsson alþingismaður og Sverrir Hermannsson alþingismaður.



Á ESKIFIRÐI

28. janúar klukkan 4 eftir hádegi í Valhöll. Ræðumenn: Ólafur G. Einarsson alþingismaður, Pétur Sigurðsson alþingismaður og Sverrir Hermannsson alþingismaður.

ÍSAFJÖRÐUR

Aðalfundur Fylkis F.U.S. verður haldinn laugardaginn 27. janúar nk. klukkan 15 að Uppsölum (uppi).

DAGSKRÁ:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Önnur mál.

SJÖRNIN.

AÐALFUNDUR

Sjálfstæðisfélag Reyðarfjarðar verður haldinn föstudaginn 26. janúar næstkomandi klukkan 21.00. Venjuleg aðalfundarstörf. Sverrir Hermannsson alþingismaður mætir á fundinum.

Morgunblaðið

óskar eftir starfsfólki í eftirtalin störf

BLAÐBURÐARFOLK:

Sími 16801.

VESTURBÆR

– Kvisthagi.

AUSTURBÆR

Hátún – Miðtún – Laugaveg 101–171 – Þingholtsstræti – Háahlíð – Laufásvegur frá 58–79. – Laugaveg 1–33 – Miðbær.

ÚTHVERFI

Gnoðarvogur frá 48–88 – Rauðilækur frá 31–74.

SAUÐARKRÖKUR

Umboðsmaður óskast til að annast dreifingu og innheimtu fyrir Morgunblaðið. Upplýsingar hjá umboðsmanni og afgreiðslustjóra Mbl., sími 10100.

YTRI-NJARÐVIK

Blaðburðarfólk óskast strax. Afgr. Morgunblaðsins Ytri-Njarðvík. Sími 2698.

KEFLAVÍK

Blaðbera vantar í Suðurbæinn. Sími 1113 og 1164.

BLAÐBURÐARFOLK vantar í Kópavog. Sími 40748.

Morgunblaðið

Gosmyndir sýndar hjá ABC

Í FRÉTTATÍMA ABC-sjónvarps stöðvarinnar bandarísku vör sýnd kvikmynd frá gosinu í Heimaeýja á þriðjudagskvöld. Fréttamaður ABC hérlendis er Ásgeir Long, kvikmyndatökumaður, og fór hann strax fyrstu gosnöttina til Vestmannaeyja og tók þar fréttamyndir, sem sendar voru samdægurs með Loft-leiðavél og eins og fyrr segir sýndar vestra um kvöldið. Í gær morgun tók Ásgeir svo að ósk ABC á móti nýu manna leiðangri frá Smithsonian-stofnuninni, og hyggst sá leiðangur fara til Vestmannaeyja.

Gerðar-dómur skipaður

HÆSTIRÉTTUR skipaði í gær gerðardóm þann, sem fjalla á um vinnudeilu vélgæzlumanna. Í honum eiga sæti: Magnús Thoroddsen, borgardómari, Guðmundur Björnsson, prófessor og Brynjólfur Sigurðsson, lektor. Nefndin mun hefja störf nú þegar.

LEIÐRÉTTING

Í síðari hl. greinar Ó. I. M. „Landhelgi og lögsaga“ í Mbl. 23. jan. hefir slæðzt meinleg prentvilla ofan við miðju í síðasta dalki — bls. 15. Þar stendur: . . . leiða fram sína sök og gera ýtrustu kröfur . . .“, en á að vera . . . leiða fram sín rök og gera . . .“ o. s. frv. Þarna er meiningarmunur, því að við teljum okkur ekki vera í neinni sök, en aftur á móti hafa sterk rök.

FÉLAGSLÍF

I.O.O.F. 1 = 1541268½ =
M.sýn.

I.O.O.F. 12 = 1541268½ =



Frá Guðspekifélaginu
Hinn mikli andardráttur, nefnist erindi, sem Sigvaldi Hjálmarsson flytur í Guðspeki félagshúsinu Ingólfsstræti 22 í kvöld, föstudag kl. 9. Öllum heimill aðgangur.



Ferðafélagsferðir
Á laugardag kl. 13:
Gosskoðunarferð á Krosssand Verð 900 kr.
Á sunnudag kl. 13:
Gönguferð á Helgafelli í Mosfellsveit. Verð 200 kr. Brottför frá B.S.I.
Ferðafélag Íslands,
Öldugötu 3,
símar 19533, 11798.

Kópavogsbúar
Spilakvöld Kvenfélags Kópavogs verður í félagsheimilinu efri sal, sunnudaginn 28. janúar kl. 8.30 e. h.
Nefndin.

VIÐTALSTÍMI Alþingismanna og borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Alþingismenn og borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins verða til viðtals í Galtafelli, Laufásvegi 46, á laugardögum kl. 14.00—16.00 eftir hádegi.

Laugardaginn 27. janúar verða til viðtals: Ragnhildur Helgadóttir, alþingismaður, Ólafur B. Thors, borgarfulltrúi, og Magnús L. Sveinsson, varaborgarfulltrúi.




Til sölu

vélaviðgerða- og bifreiðaverkstæði í mjög góðum rekstri á bezta stað í Reykjavík.

Leiguhúsnaði um 500 fm, háar hurðir, 4,5 m. góð lóð. samningur til 5 ára. Örugg viðskiptasambönd, væg útborgun.

Tilboð sendist blaðinu, merkt: „Algjört trúnaðarmál — 9344“ fyrir 2. febrúar.



TILBOÐ

	ADUR	NÚ
Appelsínur	3 kg. 183.00	149.-
Hreinol grænt	½ ltr. 37.40	32.-
Kjörís Fromage	1 ltr. 65.00	54.-
Hersey's Instant Cocoa	8 oz. 50.00	42.-
Shiny de Luxe shampo	½ ltr. 93.00	76.-
Rainbow Hair Spray	18 oz. 169.00	135.-

K-KAUPMAÐURINN SELUR ÓDÝRT



FÉLAGSSTARF SJÁLFTÆÐISFLOKKSINS

Almennir stjórn mála fundir á Austurlandi

Sverrir Hermannsson alþingismaður boðar til almennra stjórn mála fundu á

REYÐARFIRÐI

27. janúar næstkomandi klukkan 4 eftir hádegi í Félagslund. Ræðumenn: Ólafur G. Einarsson alþingismaður, Pétur Sigurðsson alþingismaður og Sverrir Hermannsson alþingismaður.



Á ESKIFIRÐI

28. janúar klukkan 4 eftir hádegi í Valhöll. Ræðumenn: Ólafur G. Einarsson alþingismaður, Pétur Sigurðsson alþingismaður og Sverrir Hermannsson alþingismaður.

ÍSAFJÖRÐUR

Aðalfundur Fylkis F.U.S. verður haldinn laugardaginn 27. janúar nk. klukkan 15 að Uppsólum (uppi).

DAGSKRÁ:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Önnur mál.

SJÖRNIN.

AÐALFUNDUR

Sjálfstæðisfélag Reyðarfjarðar verður haldinn föstudaginn 26. janúar næstkomandi klukkan 21.00. Venjuleg aðalfundarstörf. Sverrir Hermannsson alþingismaður mætir á fundinum.

Morgunblaðið

Óskar eftir starfsfólki í eftirtalin störf

BLAÐBURÐARFOLK:

Sími 16801.

VESTURBÆR

– Kvisthagi.

AUSTURBÆR

Hátún – Miðtún – Laugaveg 101–171 – Þingholtsstræti – Háahlíð – Laufásvegur frá 58–79. – Laugaveg 1–33 – Miðbær.

ÚTHVERFI

Gnoðarvogur frá 48–88 – Rauðilækur frá 31–74.

SAUÐARKRÖKUR

Umboðsmaður óskast til að annast dreifingu og innheimtu fyrir Morgunblaðið. Upplýsingar hjá umboðsmanni og afgreiðslustjóra Mbl., sími 10100.

YTRI-NJARÐVIK

Blaðburðarfólk óskast strax. Afgr. Morgunblaðsins Ytri-Njarðvík. Sími 2698.

KEFLAVÍK

Blaðbera vantar í Suðurbæinn. Sími 1113 og 1164.

BLAÐBURÐARFOLK vantar í Kópavog. Sími 40748.

Morgunblaðið



Sitt Lögbirtingarblað og sitt National Geography sótti þessi Vestmannaeyingur í gær í kjalara Póstshússins í Austurstræti.

- Er ekki pláss...?

Framh. af bls. 12

með alla á skrá," sagði Haraldur. „En það bestist stöðugt við.“ Og hann bað þá, sem enn eru óskráðir, að koma eða hringja — til þeirra eða Hagstofunnar.

„Það er engin húsnæðisneyð. Enginn er á götumni," sagði Sigurbjörn Friðriksson. „Við höfum nú útvegað flestum bráðabirgðahúsnæði, en það er verra með framtíðina. En hún verður að bíða.“

Sigurbjörn sagði, að engin vandæði væru með húsnæði fyrir einstaklinga eða litlar fjölskyldur, „en því miður höf-

þegar þeim hefur verið komið fyrir til bráðabirgða, sagði Sigurbjörn að hafizt yrði handa um húsnæðismiðlun fyrir Vestmannaeyinga upp á framtíðina.

Í fjármáladeldinni létu þau Guðmundur Arason og Ingibjörg Johnsen vel yfir sér. Þau höfðu leyst úr brýnustu vandræðum um 300 manns síðan um hádegis og margir biðu fyrir utan. „Peningamálin eru alltaf viðkvæm, en við spilum þetta svona eftir eyranu," sögðu þau og ekki var annað að sjá, en fólk gengi glatt og létstígt frá þeim.

Og það var stöðugur straumur út og inn. „Hvað á ég að gera við þessa búslóð?" spurði maður. „Hvar í ósköpunum er Ingólfsstræti?" spurði konan fyrir aftan hann. „Hvenær kemst ég til Eyja?" spurðu svo strákarnir. Allt lét fólk þó aðspurt vel yfir sér, en það eru greinilega margar áhyggjur, þegar „maður verður að vaða á náttfötunum í land," eins og einn orðaði það. Og allt finnur þetta fólk sína lausn í Hafnarbáðum; á einn eða annan veg. „Ég er bara alveg á tauginni," sagði unga konan, sem við heyrðum þar til síðast.

um við þurft að gripa til þess ráðs að skipta stórum fjölskyldum niður og þá þannig, að setja elztu börnin í einstaklingsherbergi út í bæ". Milli 60—70 manns dvelja enn á hóteli, en

Góð jörð

Góð jörð óskast, helzt á Suðurlandi.

Upplýsingar í síma 20480 og 33595 á kvöldin.

2 - 3 herb, íbúð óskast

á leigu fyrir fjölskyldu frá Vestmannaeyjum.

HRADFYSTISTOÐIN Í REYKJAVÍK HF., sími 21400.

Fiskiskip til sölu

250 lesta stálfiskiskip,
140 lesta eikarskip,
77 lesta eikarbátur,
50 lesta eikarbátur.

Aðalskipasalan

Austurstræti 14, 4. hæð.
sími 26560, heimasími 30156.

ÞORRABAKKINN kr. 200

INNIHALD: SVIDASULTA, SVÍNASULTA, HRÚTS-PUNGAR, LUNDBAGGI, HVALSULTA, BRINGU-KOLLAR, LIFRAPYLSA, BLÖDMÖR, HÁKARL, MARENUD SILD, FLATKÖKUR, HANGIKJÖT, SMJÖR, HARÐFISKUR.

AFGREIÐUM ÞORRABAKKAN

TIL KLUKKAN 10 Í KVÖLD.



KJÖTMIDSTÖÐIN

Scorpion

flauelsbuxur
gallabuxur
terrylenebuxur



POPHÚSIÐ

GRETTISGÖTU 46 - SÍMÍ: 2 55 80

Þorra blót



ÞORRPA
Í SÍMA 17759

OMAR RAGNARSSON skemmtir.

- Vietnam

Framhald af bls. 5

pólitísk barátta. Talið er líklegt að Spiro Agnew varaforseti leggi áherzlu á áframhaldandi stuðning Bandaríkjamanna við Suður-Vietnam þegar hann kemur til Saigon á sunnudaginn og bent er á ummæli bandaríska sendiherrans í Thailandi þess efnis að Bandaríkjamenn myndu viðhalda nógu miklum herstyrk í Suðaustur-Asíu til þess að koma í veg fyrir brot á friðar-samningnum.

Jafnframt hafa kommúnistar hert á árásum um allt Suður-Vietnam, manntjón hefur stórkæmst á báða bóga og bandaríska eldflaugaskipið „Preble“ laskaðist í árás frá stórskotastöð Norður-Vietnam í landi, án þess að manntjón yrði. Báðir aðilar reyna að tryggja sér yfirráð yfir mestu landi áður en vopnahléið gengur í gildi. Alls gerðu kommúnistar 112 árásir á

stöðvar stjórnarhermanna og byggð svæði undanfarnir sólarhring, aðallega á Mekongóshólmarsvæðinu. Stjórnmál Ungverjalands tjáði sig fúsa til þess í dag að taka þátt í starfi alþjóðlegru eftirlitsnefndarinnar sem á að fylgjast með því að vopnahléið verði haldið ásamt Kanada, Indónesíu og Póllandi sem enn hefur ekki sent svar. Þúitz er við að fyrstu eftirlitsmennirnir, sem verða 1.160 talsins eða 290 frá hverju landi, komi til Vietnam í síðasta lagi tveimur sólarhringum eftir gildistöku vopnahlésins.

Kanada hefur samþykkt að taka þátt í friðargæzlunni í einn mánuð og áskilur sér rétt til að kalla þá heim friðarsveit sína ef starf hennar reynist vonlaust. Að sögn Sharps utanríkisráðherra ráðgerir Kanadastjórn viðræður við aðra aðila vopnahlésnefndarinnar um starfskilyrði hennar. Bent er á að skýrslur nefndarinnar verði að vera einróma og að nefndin hafi ekki vald til aðgerða vegna hugsanlegra brota á vopnahléinu.

UNDIRBÚNINGUR AÐ STRÍÐSFRANGASKIPTUM

Bandaríska landvarnaráðuneytið hefur gefið fyrirmæli um að allir liðsflutningar Bandaríkjanna til Suður-Vietnam verði stöðvaðir og læknaðir er tilbúið að fara flugleiðis til Hanoi til að flytja til Bandaríkjanna fyrstu bandaríska stríðsfangana sem verða látnir lausir. Henry Kissinger, aðalsamningamaður Bandaríkjanna, sagði í dag að fangarnir yrðu fluttir heim í fjórum jafnstórum hópum á um fimmtán daga fresti á því tveggja mánaða tímabili sem brottflutningur bandaríska herliðsins stendur. Samkvæmt heimildum í landvarnaráðuneytinu standa vonir til að fyrstu fangarnir verði fluttir heimleiðis á sunnudag.

Kanadíski utanríkisráðherra, Sharp, sagði í dag að kanadisku friðargæzlumennirnir færu til Vietnam um helgina og í Djakarta er sagt að indónesísku friðargæzlumennirnir fari ef til vill þangað áður en vopnahléið tekur gildi.

Rogers utanríkisráðherra heldur á morgun til Parísar til að undirrita vopnahléssamninginn á laugardag ásamt fulltrúum Norður-Vietnam, Suður-Vietnam og bráðabirgðabyltingarstjórnar Viet Cong. Utanríkisráðherra Norður-Vietnam, kom til Parísar í dag og sagði við komuna að Hanoi stjórnin og byltingarstjórnin ábyrgðust að ákvæðum samningsins yrði framfylgt samvirklega. Tran Van Lam, utanríkisráðherra Suður-Vietnam, sagði að fulltrúar Viet Cong komu til Saigon þegar vopnahléið væri gengið í gildi til friðarviðræðna. Í New York er talið að fyrrihugað alþjóðaráðstefna um Vietnam fari fram í Vín.

JÁKVÆÐ VÍÐBRÖÐ Í MOSKVA

Í Moskvu sagði flokksmál-gagnið Pravda að vopnahléið væri mikilvægur og raunhæfur áfangi á leiðinni til réttlátrar lausnar Vietnamdeilunnar. Souvanna Phouma, forsætisráðherra Laos, kvaðst vona að viðræður

gætu hafizt um pólitíska lausn við Pathet Lao-hreyfinguna sem fylgir kommúnistum að málum. Kambodjastjórn lét í ljós von um að hún fengi að senda fulltrúa á Indókiná ráðstefnuna. Í blöðum kommúnistalandanna er vopnahléinu lýst sem stórsigri kommúnista og brottflutningi Bandaríkjanna er lýst sem bandarískum ósigri og áfalli fyrir hermaðarmátt Bandaríkjanna.

Á fundi sínum með blaðamönnum í dag sagði Thieu forsæti að stríðið væri komið á nýtt stig, pólitískt stig. Á því stigi baráttunnar yrði barizt fyrir því að vinna raunverulegan frið og vinna það pólitíska stríð sem væri í vöndum. Seinna sagði Thieu að alþjóðeftirlitsnefndin væri óstarfleg og að ekki væri hægt að treysta alþjóðasamningum þar sem kommúnistar virtu þá ekki. Jafnframt boðaði hann mikla áróðursherferð í landinu og sagði að hún mundi ráða pólitískri framtíð Suður-Vietnam.

Sir Alec fékk ákúru í þinginu vegna Statesman

BREZKA blaðið Times ógír frá því að á þingfundi í meðri málfostunni á mánudag hafi sir Alec Douglas-Home utanríkisráðherra fengið mikla gagurýni á sig er hann skýrði frá því að dráttarbatúrinn Statesman, undir Liberíufána, hefði verið sendur á Íslandsmið til aðstoðar brezkum tog arasjómannum.

Anthony Crossland þingmaður Verkamannaflokksins sagði að ákvörðun um að senda erlendan dráttarbat á Íslandsmið væri fyrir neðan virðingu Breta.

Annar þingmaður Verkamannaflokksins James Well-beloved, sagði það niðurlægi-

andi, að þegar verið væri að gera tilraun til að sparka brezkum togurum af Íslandsmiðum þá væri það eina, sem Brezka stjórni gæti gert að senda útlenskan dráttarbat til hjálpar og til að gæta hagsmuna mestu siglingaþjóðar heims. Slíkt væri fyrir neðan allar hellur.

Sir Alec tók upp hanzkann fyrir stjórni, sem að sögn þingfréttaritara Times var orðin aði skömmustuleg og sagði að ef herskip yrðu send þá myndi það þýða nýtt þorskastríð. Hins vegar myndu Bretar senda herskip á miðin ef nauðsyn krefði.

- Varnargarður

Framhald af bls. 32 þrengt nokkuð og veldur það kraftmeiri þrýstingi upp á við. Annars gýs stóri gígurinn mjög stöðugt. Þrófjörð Sigurgeirsson, sagði í viðtali við Morgunblaðið í kvöld, að hann teldi gosið hafa náð hámarki. Ekki vildi hann spá um, hvað það tæki langan tíma, þar til því lyki.

Þrófjörð kvaðst hafa fylgzt með hraunrenninu á tímabili frá kl. 9 í morgun til kl. 4 síðdegis. Kvað hann litinn hraun rana hafa mjakazt um 20 metra norður með ströndinni. Aðalstrauminn kvað hann hins vegar halda mun meira í austur frá höfninni. Hraunið rennur í hraun glánni til norðurs, en sveigir síðan í austur. Norðvestan megin við gígn er skarð í hraunkantinn bæjarmegin og taldi Þrófjörð það nokkuð hættulegt. Hins vegar eru líkur á, að skarðið fyllist, ef vindáttin kemst á suðaustan eins og spáin er fyrir morgundaginn. Og reyndar var suðaustanátin byrjuð að blása nú í kvöld. Er það því hægkvæmt að fá suðaustanátt vegna hraunrennislisins, en óhagstætt vegna þess, að þá berst aska inn yfir bæinn. Enginn vikur berst þó lengur úr gígnum eins og gert hefur undanfarna daga.

Þrófjörð taldi áferð þessa goss hvað hraunefni snerti, minna á Heklugosið 1970, þar sem þetta er úfið apalhraun. Viða ofan á því er þykkt lag af tilföleuga finnum gosefnum sem súnka, ef stigið er ofan á þau. Þrófjörð taldi líklegt, að gosið hefði markað sér bás, sem það mundi halda sig í að mestu. Leó Kristjánsson hefur reynt

að mæla hita hraunsins og hefur hann náð 1030 gráðu mælingu, en ekki hefur verið hægt að komast að vel streymandi hraun. Er það þó líklega 1140 heitt, þar sem það er heitast.

Útskipun á fiskafurum hélt áfram í dag og einnig var haldið áfram að flytja bíla Eyja-skeggja til lands með Heklunni. Áætlað er, að á fjórða hundrað manns sé hér um þessar mundir. Talsvert er af Eyjabátunum í höfninni og eru þeir að sækja veiðarfær: sín og gera klárt til þess að geta hafið veiðar. Sumir gera út frá Eyjum, hvort sem þeir munu landa hér eða ekki, aðrir til þess að landa eða gera út frá öðrum verstöðvum að sinni.

Þjórgunarmenn héldu áfram í dag að flytja húsgögn úr austustu húsunum og sinna einu og öðru nauðsynlegu.

Þeir aðilar, sem hafa hér fasta þjónustu nú eru: siminn, lögreglan, slökkviliðið, loftskreytastöðin, upplýsingamiðstöð lögreglunnar, matstofa ísfélagsins, Mjólkurbarinn og Mjólkursamsalan. Í fyrramálið verður reynt að ýta upp varnarvegg austan við austustu húsinn í byggðinni og á þar að gera 300-500 metra langan varnarvegg a.m.k. Og er reiknað með, að hann geti orðið 2-3 metra há. Verður þetta verk unnið með 4 jarðtým. Varnarveggurinn mun liggja á svæði, þar sem Oddstaðabráut á að koma skv. skipulagi.

Það hefur ekki brugðið hér neitt kvöld síðan gosið hófst og gígurinn brýni raust sína og hefur hann haldið þeim söng áfram til dagrenningar. Hraunrennilið virðst þó óbreytt. Jörð í kaupstaðnum er ekki alveg hullin ösku og víða úti á eyju er litill sem engin aska.



BÁTAR

- Höfum mikið úrval báta á sölulista af stærðum 3 til 82 lestr, þar á meðal:
- 9 LESTA nýppgerðin rækju bát með öllum rækjuútbúnaði. 72 ha Lister vél, sett í 1970.
- 10 LESTA árgamlan Bata-lónsbát með 85 ha GM vél. 6 rafmagnsrúllur. Vökvadriflið linuspil.
- 11 LESTA Bátalónsbát. Byggður 1961 með nýppgerðri 80 ha Volvo Penta vél. 4 nýjar rafmagnsrúllur.
- 11 LESTA Bátalónsbát. Byggður 1969. Nýppgerður í fyrsta flokks standi.
- 11 LESTA frambyggður stálbatúr. Byggður í Stálsmiðjunni 1961. Dekkspil og línuspil. 5 rafmagnsrúllur.
- 13 LESTA frambyggður Bata-lónsbátur. Byggður 1962. Ný uppperð Ford Parson vél. Veiðarfæri fylgja.
- 20 LESTA frambyggður bátur. Byggður 1971. Rækjuútbúnaður. Nýir trollgálgar.
- 21 LESTA árgamall bátur. 6 rafmagnsrúllur. Línuspil. Rækjuútbúnaður.
- 50 LESTA nýr stálbatúr með 300 ha Kelvin Dorman vél. Kraftblökk og fiskidæla af RAPP-gerð. Togvindu stjórnað að bæði af þifari og brú. Kæld einangruð fiskilest.
- 61 LESTA stálbatúr. Byggður 1955. 400 ha Wickman vél. Ný ljósavél. Línug og trollveiðarfæri fylgja. Nýleg klæðning í lest. Í fyrsta flokks standi. Til afhendingar strax.
- 72 LESTA bátur. Byggður 1961. 250 ha GMC vél. Trollspil. Línuspil. Veiðarfæri fylgja.
- 82 LESTA eikarbátur. Byggður 1963. 330 ha Völund vél. Trollhlar. 8 tonna spil. Trollútbúnaður. Hringið eða skriflið og biðjið um sölulista.

SKIP & FASTEIGNIR
SKULAGÖTU 63 - ☎ 21735 & 21955

Morgunblaðið margfaldar markað yðar

Hafnarfjörður


Til sölu 5 og 6 herbergja íbúðir í fjölbýlishúsi, sem verið er að hefja byggingu á, í norðurbænum. Íbúðirnar seljast tilbúna undir tréverk og málningu með frágenginni raflofn og hurðum fyrir svalardyr og forstofuinnangang. Öll sameign innanhúss fullfrágengin. Húsið verður múrhúðað og málað að utan og lóð frágengin. Byggingaráðilar eru Knútur og Steingrímur hf.

ÁRNI GRÉTAR FINNSSON,
Strandgötu 25, Hafnarfirði.
Sími 51500.

4-5 herb, íbúð í Fossvogi

Íbúðin er á ll. (efstu) hæð, endaíbúð í nýju fjölbýlishúsi. Allar innréttingar sérlega vandaðar. Íbúðin skiptist í rúmgóða stofu, 3 svefnherbergi, sjónvarps-skála, eldhús og bað. Suðursvalir, gott útsýni. Góð sameign, vélþvottahús, frágengin lóð. Verð krónur 3.100.000,00. Allar nánari upplýsingar gefur:

EIGNASALAN,
REYKJAVÍK,
Þórður G. Halldórsson,
sími 19540 og 19191,
Ingólfsstræti 8.



3. leikvika — leikr 20. janúar 1973.
Útalirar: 12X — XX1 — 2XX — 2XX.

1. vinningur: 10 réttir — krónur 50.000,00.
Nr. 10532 Nr. 23557 + Nr. 40143 + Nr. 47792 + Nr. 74123 — 23556 + — 37102

2. vinningur: 9 réttir — krónur 2.000,00.

Nr.	Nr.	Nr.	Nr.	Nr.
5323	22143	36334	44002	68142
6116 +	22931 +	37589 +	44828	69464
7046	22932 +	37965	44899 +	74083 +
10580	23865	38298	46033	75730
10779	24405	39537	48178	75748
11039	24411	40116 +	60270 +	75939
15101	26277 +	40133 +	60330 +	76207
15427	26634	40134 +	60437	78388
17135	31037 +	40141 +	60491	79201
17178	31495	40151 +	61347	80645
17185 +	33901 +	40153 +	61603	81793
19676	34548 +	40170 +	62332	82253 +
20065	34787 +	42182	64829	82543 +
20251	35050	42797	65025	82624 +
21356	35549	43085	65843	

+ nafnlaus.

Kærufræstur er til 12. febrúar. Kærun skulu vera skriflegar. Kæruyðublöð fást hjá umboðsmönnum og aðalskrifstofunni. Vinningsupphæðir geta lækkað, ef kærun verða teknar til greina. Vinningar fyrir 3. leikviku verða póstlagðir eftir 13. febrúar. Handhafar nafnlausa seðla verða að framvísa stofni eða senda stofninn og fullar upplýsingar um nafn og heimilisfang til Getrauna fyrir greiðsludag vinninga.

GETRAUNIR — Íþróttamiðstöðin — REYKJAVÍK.

— ÍPRÓTTIR

Framhald af bls. 30
um ham og í þessum leik. Langskot Einar Magnússonar var það skemmtilegasta sem sást í þessum leik, og furðulegt hvað hann virðist eiga létt með að skjóta hörkuskotum af löngu færi, og einnig er furðulegt að hann skuli ekki reyna að skjóta meira. Í þessum leik átti hann ekki nema 12-14 skot, og af þeim höfðu langflest í netmóskvörum hjá KR.

En vörnin er höfðoverkurinn hjá Víkingsslóinu og virðist seint ganga að bæta hana að gagni. Slök vörn kemur ekki að sök í leik sem þessum, en reður úrslitum, þegar keppt er við betri lið en KR-inga.

Sem fyrr greinir virðist gæta uppjafnar og vonleysis hjá KR-liðinu. Eftir að staðan hafði verið nokkuð jöfn í hálfleik 11:9 fyrir Víking, átti maður von á því að KR-ingar reyndu að dempa hraðann niður og leika af öryggi. Það var þeirra eina leið. En þvert á móti gerðu leikmennirnir sig seka um alls konar skyssur í byrjun hálfleiksins, og fengu hvert markið af öðru á stig.

Sóknarleikur KR-liðsins er einnig ákaflega skipulagslittill og byggist á framtaki þriggja manna: Björns Péturssonar, Björns Blöndal og Hauks Ottesen. Þótt þeir séu stóðir af fyrir sig allir nokkuð góðir handknatt leiksmenn nægir það hvernig til. Eina leiðin fyrir KR-inga til þess að eiga minnstu von til þess að halda sæti sínu í deildinni, er að taka æfingarnar alvarlega og reyna að laga vörnina hjá sér.

Í STUTTU MÁLI:

Islandsmótöf 1. deild. Laugardalshöll 24. janúar. Úrslit: Víkingur — KR 27-21 (11-9).

Brottrestur af velli: Bogi Karlsson, KR í 2 mín.

Misheppnað vítakast: Björn Pétursson átti vítakast í stöng á 26. mín.

Gangur leiksins:

Table with columns: Min. Víkingur, KR, and scores for various players like Einar, Björn P., Guðjón, Páll, Guðjón, Ólafur, Bjarni, etc.

HÁLFLEIKUR

Table with columns: Min. Víkingur, KR, and scores for various players like Jón, Guðjón, Einar, Magnús, Ólafur, etc.

Mörk Víkings: Einar Magnússon 10, Ólafur Friðriksson 4, Jón Sigurðsson 3, Guðjón Magnússon 3, Páll Björgvinsson 2, Víggó Sigurðsson 2, Skarphéðinn Óskarsson 2, Magnús Sigurðsson 1.

Mörk KR: Björn Pétursson 7, Haukur Ottesen 7, Björn Blöndal 3, Bjarni Kristinsson 2, Ævar Sigurðsson 1, Steinar Friðgeirsson 1.

Dómarrar: Einar Hjartarson og Kjartan Steinbeck. Þeir demdu yfirleitt vel.

— Sprengjum varpað

Framhald af bls. 2
ráðum þeina hraunstraumnum frá byggðinni og til sjávar, en ef slíkt tækist mætti e.t.v. bjarga stórkostlegum verðmætum. Einn þeirra manna, sem að þessum málum hefur hugað, er prófessor Þorbjörn Sigurgeirsson, en hann reyndi lítillga að hafa áhrif á rennslí hraums í Surtseyj-argosinu með því að sprauta vatni á hraunrennslí. Meðal annars í samráði við hann var hin nýja slökkiðsifrið send til Vestmannaeyja. Einnig eru á leið til Vestmannaeyja tveir 20 tónna jarðtúr, ásamt verkfræðingi og ýtustjórn, í þeim tilgangi að nota þær til að byggja upp vegg gegn framrás hrauns og á þann hátt hafa áhrif á stefnu þess. Í dag var og haldinn fundur með prófessor Sigurði Þórarinnssyni og sérfræðingum um frá varnarliðinu um möguleika á að nota sprengjur til þess að ryðja rás fyrir hraunstraum í gegnum gígvegg til sjávar, og verður unnig áfram að athuga þess máls.

— Eyjaflotinn

Framhald af bls. 32
og er vonast til að atburðirnir í Eyjum hafi þar ekki veruleg áhrif á. Hins vegar er öllu verri aðstæða með loftnaflann, þar eð mikilvægi Eyja er þar svo mikið, að missir þeirra hlýtur að stórskæða útkomu loftunvertórnanna. Í því sambandi má minna á, að þrjújungur loftnaflans frá í fyrra kom á land í Eyjum.

Seðlabankinn fjármagnar vaxtalaus lán
Fjárframlög berast til styrktar Vestmannaeyingum — V-Þjóðverjar leggja fram 3 millj. kr.

Útvegsbankaútibúið í Vestmannaeyjum, sem nú er staðsett í aðalbankanum í Reykjavík, og Sparisjóður Vestmannaeyja, sem aðsetur hefur í húskaynum Seðlabankans, hófu í gær veltungu á vaxtalausum 3ja mánaða lánum til Vestmannaeyinga. Það er Seðlabanki Íslands, sem fjármagnar þessi lán. Hagtrygging h.f. ákvað í gær að veita Vestmannaeyingum, sem tryggja heimili sín hjá félaginu, fjárhagsstyrk og Hjálparjóður æskufólks hefur ákveðið að verja 500 þús. kr. til að styrkja æskulífið úr Eyjum. Rauða krossi Íslands hafa horið ýmsar rausnarlegar fjárgjafir til styrktar Vestmannaeyingum; m.a. hafa Grímseyingur sent 121.500 kr., sem nemur 1.500 krónum á hvert mannsbarn þar, og sendiherra V-Þýskalands afhenti í gær rúsklega 3ja millj. kr. framlag frá ríkisstjórn sinni. Þá hefur Hjálparstofnun kirkjunnar borist boð frá Hjálparstofnun kirkjunnar í Danmörku um aðstoð við Vestmannaeyinga.

Lán þau, sem Seðlabanki Íslands fjármagnar, nema allt að 50 þús. kr. og „fer um skilmála lánsins samkvæmt nánara samkomulagi við lánveitanda á gjaldþaga“, eins og segir á skuldbréfum þeim, sem lánin eru veitt gegn. Jóhannes Nordal, Seðlabankastjóri, sagði í viðtali við Mbl. í gær, að ekkert væri ákveðið um fjárhæð þá, sem til þess ara lána yrði veitt. „Við lán-um þeim þetta fé til að hjálpa þeim yfir verstu erfiðleikana“, sagði Jóhannes. „Og svo at hugum við hitt síðar.“ Tryggingafélagið Hagtrygging h.f. ákvað í gær, að veita þeim Vestmannaeyingum, sem eru með gildar heimilis-tryggingar hjá félaginu fjárhagsstyrk í sama formi og tryggingafélagið Ábyrgð h.f. hefur beitt sér fyrir. Rauði kross Íslands tekur við framlögum til Vestmannaeyinga á gírörkelning sinn nr. 90.000 og á skrifstofunni Öldugötu 4. Í gær höfðu m.a. eftirtaldir fjárhæðir borist, auk þeirra tveggja framлага, sem að framan er getið:

Rafha, Hafnarfirði 100.000 kr., St. Georgsskátum, Akureyri 50.000 kr., Björgunar-sveitinni, Garði 50.000 kr., Ísbirnium h.f. 100.000 kr., Kvenfélaginu Hringnum (með ósk um að fjárhæðin gangi til barna) 100.000 kr., Timburverzlun Arna Jónssonar 100.000 kr. og frá Lúðvík Storr 300.000 krónum. Þá hafa starfsmenn Stein-dórsprents, Sinavík-klúbbs úrnin o. fl. samtök og einstaklingar sent myndarlegar fjárhæðir. Samtök Lions-klúbba á Norðurlandi hafa og boðið fram aðstoð. Hjálparstofnun kirkjunnar tekur og við framlögum til Vestmannaeyinga. Allir sóknarprestar taka við fjárhárum lögum. Gírörkelningur stofnunarinnar er 20.001 og skrifstofan er að Klapparstíg 27, Reykjavík. Ýmis framlög hafa borist til Hjálparstofnunar kirkjunnar ar, m.a. 32 þús. kr. frá húsfélaginu Kleppsvægi 134 í Reykjavík og frá sóknarprestinum á Bıldudal hafa borist 33 þúsund krónum.

Keflvíkingar lýsa stuðningi við Eyjaskeggja

Keflavík, 25. janúar
A BÆJARSTJÓRNARFUNDI Í Keflavík sem haldinn var í dag var borin fram af þeim Tómasi Tómassyni og Valtý Guðjónssyni, bankastjóra, eftirfarandi ályktun: Bæjarstjórn Keflavíkur sendir bæjarstjórn Vestmannaeyja og öllum íbúum Vestmannaeyja samúðarkveðjur vegna þeirra vaxlegu atburða sem nú standa yfir og heitir þeim jafnframt allri þeirri aðstoð sem bæjarfélagið getur í té látið. Bæjarstjórn Keflavíkur samþykkir að fela bæjarstjóra að rita varnarmála-

deild utanríkisráðuneytisins og skora á hana að varnarliðið rými sem allra flestar íbúðir í Keflavík, sem á vegum þess eru í bae með það fyrir augum að unnt verði að hagnýta íbúðirnar fyrir Vestmannaeyinga, ef þörf krefur, og óskir koma fram um aðstoð í því sambandi. Jafnframt samþykkir bæjarstjórn að kjósa 3ja manna nefnd auk bæjarstjóra til að vinna að málum þessum í nánú samstarfi við þá aðila, sem við úrlausn þessa vandamáls koma til með að standa, bæði á vegum ríkisstjórnarinnar og bæjarstjórnar Vestmannaeyinga.

Ályktun þessi var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. —hsj.

Seyðfirðingar bjóða aðstoð

Seyðisfirði, 25. janúar.
BÆJARRÁÐ Seyðisfirðar gerði eftirfarandi samþykkt á fundi sínum í dag:

„Bæjarráð Seyðisfirðar lýsir yfir innleggi samúð sinni vegna þeirra hörmunga, sem dunið hafa yfir Vestmannaeyjar í þeim náttúruhamförum, sem nú standa yfir. Bæjarráð samþykkir að veita Vestmannaeyingum alla þá aðstoð og hjálpar, sem bæjarfélagið hefur aðstoðu og getu til að veita og vill í því sambandi benda á, að hér er aðstæða til að taka á móti fólki, um lengri eða skemmir tíma, þar sem auðvelt er að standsetja ver þóðir með stuttum fyrirvara. Hér á staðnum eru starfandi tvö frystihús og ein fiskimjólsværksmiðja SR er til reistar ef þörf krefur, þann íg að meistar líkur eru á því að við getum veitt atvinnu því fólki, sem hingað vildi koma.“

Akureyri:

Húsnæðiskönnun vegna Vestmannaeyinganna

Akureyri, 25. janúar.
BÆJARRÁÐ Akureyrar hélt fund síðdegis í dag, og þar var gerð eftirfarandi bókun: „Bæjarráð Akureyrar sendir bæjarstjórn Vestmannaeyja og Vestmannaeyingum öllum einlægarkveðjur sínar vegna náttúruhamfara þeirra, sem dunið hafa yfir Vestmannaeyjar og lýsir því yfir, að bæjarstjórn Akureyrar er reiðubúin að veita Vestmannaeyingum aðstoð og fyrirgreiðslu, svo sem unnt er.“ Jafnframt þessu samþykkti bæjarráð eftirfarandi ávarp til Akureyringa, sem ráðgert er að bera í hvert hús í þeum í fyrra máli: „Í tilfelli af hinum válegu atburðum við skrifstofuna hefur bæjarráð Akureyrar skipað nefnd, sem kanna á hvert framlag Akureyrar geti bett orðið til að leysa hinn mikla vanda, sem nú steðjar að íbúum Vestmanna-

Rússnesk sýning í Bogasalnum

Í DAG 26. janúar, opnar rússnesk sýning í Bogasal Þjóðminjasafnsins á vegum menningarmálaráðuneytis og Þjóðfræðisafns Sovétríkjanna í samráði við íslenska menntamálaráðuneytið. Sýningin er haldin til að kynna rússneska alþýðulífið og fjölbúninga frá 18. öld, og allt til verra tíma, og kynnir m. a. hvernig hefðir rússneskrar alþýðulístar eru varveittar í listi-öðli samtímans. Á sýningunni er margt fallegra og fróðlegra muna, svo sem búningar, höfuðskraut, mataríafi, leikföng og útskráir munir. Þá eru einnig ljósmyndir, sem teknar eru víða í Sovétríkjunum. Frá 18. öldinni eru einkum fatnaðir ýmiss konur og húsnir, en frá 20. öld eru flestir munirnir gerðir í gömlum anda, svo sem leikföng og skraut. Alls eru um 250 munir og 40 myndir á sýningunni. Útskráur og litun muna skipar háan sess í rússneskri alþýðu list, og mikið ber á sól- og hestadyrkun í treskráðarmyndum frá 18. öld, eins og sjá má á sýningunni. Að sögn frú Babeju frá Sovétríkjunum, sem unnið hefur að uppsetningu sýningarinnar í Bogasalnum, er ætlunin að halda þessa sýningu á öllum Norðurlöndunum, en hédan verður haldið til Osló í Noregi. Sýningin er opin daglega frá kl. 2-6, en frá 2-10 á laugardögum og sunnudögum. Sýningunni lýkur 4. febrúar næstkomandi. Sýningin í dag opnar kl. 7.

Nefndarmenn eru: Hermann Sigtryggsson, Viðmýri 1, sími 11546, Hermann Arnason, Goðabyggð 10, sími 21842 og Arnar Einarsson, Viðilundi 16, sími 11382. Bæjarráð beinir þeim eindregnu tilmæli til allra þeirra Akureyringa, sem hafa yfir að ráða íbúðarhúsnæði, sem komið verður hjá að nota í vefur, að bregðast vel við og tilkynna skrifstofunni það. Undir ávarpi rita: Bjarni Einarsson, bæjarstjóri, og bæjarráðsmennirnir Stefán Reykjalín, Lárus Jónsson, Sigurður Öl Brynjólfsson, Stefán Stefánsson og Ingólfur Arnason. Nefndin sem bæjarráð skipaði síðdegis í dag hefur þegar tekið til starfa, og er nú í kvöld á fyrsta fundi sínum. Þess má geta að tveir nefndarmanna eru stöðdir úr Vestmannaeyjum.

Eyjaflotinn:

Verður ráðstafað á aðrar verstöðvar

LÍKUR benda nú til þess, að útvegsmenn í Vestmannaeyjum hafi komið öllum bátafloða sínum, milli 70 og 80 bátum, fyrir í öðrum verstöðvum í landi. Þessar upplýsingar fékk Mbl. í gær hjá Birni Guðmundssyni, formanni Útvegsbændafélagsins í Eyjum, en þó sagði Björn, að eftir væri að fá svar frá einstaka aðilum. Sagðist Björn vonast til þess, að um helgina gæti úngerð Vestmannaeyjabáta hafizt.

Gert er ráð fyrir því, að bátarnir muni að verulegu leyti leggja upp í höfnunum í Grindavík og Þorlákshöfn, en síðan verði fiskurinn fluttur til annarra verstöðva, m.a. til Reykjavíkur, um Suðurnes og víðar. Geta þá Vestmannaeyingar sótt áfram sín hefðbundnu mið á meðan ekki verður unnt að landa í Eyjum.

Búizt er við því að komi fiskvinnslufólk í Eyjum til fiskvinnslustarfa í landi og í þeim verstöðvum, sem Eyjabátar munu selja fisk til, þá muni unnt að bjarga bolfiskaflanum

Framhald á bls. 31



Hrammið teygir sig ofurhægt til vesturs og allt sem verður á vegi þess verður undan að láta. Fjögur hús hafa fallið í valinn og hér sést hvernig eitt þeirra er leikið eftir það. Brátt verður það með öllu horfið undir hraunbreiðuna. (Ljós. Mbl. Kr. Ben.)

Varnargarður ruddur í dag fyrir húsin austast í bænum

Eldgosið með minnsta móti í stöðugum gig

Vestmannaeyjum í gærkvöldi. Frá Árna Johnsen, blaðamanni.

ELDGOŠIÐ á Heimaey hef-

ur að sögn jarðfræðinga far- ið dagminnkandi og í dag var það með minnsta móti. Hefur það haldizt þannig í allan dag. Hæð hraun- og gjallfjallsins á eystri hluta

gigsins er nú komin yfir 100 metra. Þess má geta, að Helgafell er 227 metrar á hæð. Telja vísindamenn, að gosið hafi náð hámarki sínu og muni því halda áfram að fara minnkandi, þó ekki sé hægt að segja um, hve langan tíma það muni standa yfir.

Hraunrennslið var í gær um 100 kúbikmetrar á sekúndu en það er svipað rennsli og í Soginu. Í dag er talið, að það sé heldur minna, en þó hafa ekki verið gerðar nákvæmar mælingar í dag. Hraun rennur hvorki í átt til byggðarinnar né hafnarinnar.

Í fyrramálið verður hafizt handa við að ryðja varnargarð fyrir austan austustu húsin í byggðinni. Verða notaðar til þess 4 jarðýtur og eiga tvær þeirra að koma með Hekluinni frá Reykjavík í nótt, en 2 eru í Eyjum.

Þó að eldgosíð í jaðri Helgafells sé nú með minnsta móti, hafa hraunslætturarnar úr aðal-gignum ekki náð eins hátt til lofts fyrr. Er það vegna þess, að gígurinn hefur nú

Framhald á bls. 23

ÖSKUFALL MED KVÖLDINU

Vestmannaeyjum, 25. jan. Frá Árna Johnsen.

NÚ um 11 leytið er komið miklið öskufall í bænum, og allt upp í lófástórir vikurnol-ar skella á götuna. Það er logn en engu að síður berst aska og vikur yfir bæinn, og þykkt lag hylur nú gangstéttir og götur, svo að þær renna saman í eitt.

Allt er þá þrennt er

Gömul munnmælasaga í Eyjum vekur athygli eftir náttúruhamfarirnar

ÞJÓÐTRÚ og munnmælasögur hafa löngum átt sterk ítök í Íslendingum. Þær hafa gengið manni fram af manni og lifað í vitund þjóðarinnar — og lifa enn. Ein slík munnmælasaga barst blaðamanni Mbl. til eyrna á miðvikudag og í gær kannaði hann, hvort sagan ætti við rök að styðjast.

Vilhjálmur Árnason, Vesturbraut 65 í Vestmannaeyjum, staðfesti munnmælasöguna en hún er á þessa leið í frásögn Vilhjálms:

— Já, það er þannig að það var trú manna, að ef þrjár at-

burðir gerðust í sönni í Vestmannaeyjum, gerðist eitthvað völdalegt. Þegar ég heyrði munnmælasöguna fyrst, sagði Vilhjálmur, þá var það trú manna, að gerðust þessar þrjár umræddu atburðir samtímis, myndu Eyjarnar verða rændar aftur, en Tyrkjaránið lifði í hugum fólksins, sem hræðilegasti atburður er gerzt gæti.

Atburðirnir þrjár sem sagan er bundin við eru þeir, að ef byggð næði vestur fyrir Hástein, ef gamla vatnsbólið, sem Vilpa heitir þornaði eða yrði fyllt upp og biskupsson-

ur yrði prestur Eyjabúa, þá myndu gerast hinir hræðilegustu atburðir.

Nú hefur þetta allt gerzt. Byggðin nær vestur fyrir Hástein og hið gamla vatnsbólið Kirkjubejanna, svokölluð Vilpa, hefur verið fyllt upp. Var það gert fyrir 1—2 árum er barn drukknaði í tjörninni, sem eftir stóð, en fyrir löngu var hætt að taka þar vatn. Þá var þriðji liður munnmælasögunnar einnig uppfylltur, er biskupssonur réðst nýlega til preststarfa í Eyjum.

Munnmælasagan er vafalaust til skráð einhvers staðar, þó ég geti ekki bent á ákveðnar heimildir, sagði Vilhjálmur. Sagan fékk mikinn byr í kringum 1920, ég held það hafi verið 1921, er prestkosingar fóru hér

fram. Þá var séra Sigurjón Árnason kjörinn prestur, en mótframbjóðandi hans var biskupssonur. Það var almennt trú að biskupssonurinn hefði fengið mun færri atkvæði en búizt var við, einmitt vegna munnmælasögunnar.

Og að lokum held ég að ég megi fullyrða, að flestir eða allir eldri Vestmannaeyingar þekki til þessarar munnmælasögu, sagði Vilhjálmur að lokum.

Þessi munnmælasaga og forn spádómur eða forna trú, hefur vakið athygli nú eftir hinar miklu náttúruhamfarir í Eyjum. Og sagan verður án efa til þess að styrkja enn álit eða trú Íslendinga á slíkum sögum og spáðómum, og var hún þó rik fyrir.